

## AUGLÝSING

### **um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.**

Hinn 23. júlí 2013 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á reglugerð ráðsins nr. 604/2013 frá 26. júní 2013, um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram í einu aðildarríkjanna, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 24. maí 2014.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Útanríkisráðuneytinu, 27. maí 2014.*

**Gunnar Bragi Sveinsson.**

---

*Einar Gunnarsson.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 604/2013**

frá 26. júní 2013

**um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram í einu aðildarríkjana (endurúttefin)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFJA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum e-lið 2. mgr. 78. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(2)</sup>,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nokkrar efnislegar breytingar skulu gerðar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 343/2003 frá 18. febrúar 2003 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli sem ríkisborgari þriðja lands leggur fram í einu aðildarríkjana <sup>(4)</sup>. Fyrir skýrleika sakir skal endurúttefa þá reglugerð.
- 2) Sameiginleg stefna um hæli, þ.m.t. samevrópskt hæliskerfi, er þáttur í því markmiði Evrópusambandsins að koma smám saman á fót svæði frelsis, öryggis og réttlætis sem sé opið þeim sem aðstæður neyða til að leita verndar innan Sambandsins á löglegan hátt.
- 3) Á sérstökum fundi leiðtoga ráðsins sem haldinn var í Tampere 15. og 16. október 1999, var samþykkt að vinna að því að koma á fót samevrópsku hæliskerfi, sem byggt er á fullri beitingu Genfarsamningsins um

réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, eins og bætt var við hann með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967 („Genfarsamningurinn“), og tryggja þannig að enginn verði sendur aftur þangað sem hann getur sætt ofsóknum, þ.e. að virt verði meginreglan um að vísa fólki ekki aftur þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu. Í þessu tilliti, og án þess að það hafi áhrif á viðmiðanirnar um ábyrgð sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu aðildarríkin, sem öll virða meginregluna um að vísa fólki ekki aftur þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu, teljast örugg lönd fyrir ríkisborgara þriðju landa.

- 4) Í niðurstöðum fundarins í Tampere kom einnig fram að með samevrópska hæliskerfinu skuli sett fram, til skamms tíma lítið, skýr og framkvæmanleg aðferð við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli.
- 5) Slík aðferð skal byggjast á hlutlægum, sanngjörnum viðmiðunum, bæði fyrir aðildarríkið og viðkomandi einstaklinga. Einkum skal með henni gert kleift að taka skjóta ákvörðun um hvaða aðildarríki beri ábyrgð, þannig að tryggður sé skilvirkur aðgangur að málsmeðferð við veitingu á alþjóðlegri vernd og til að ekki sé stefnt í hættu markmiðinu um skjóta meðferð umsókna um alþjóðlega vernd.
- 6) Nú er lokið fyrsta áfanga í að setja á laggirnar samevrópskt hæliskerfi, sem til lengri tíma lítið ætti að leiða til sameiginlegrar málsmeðferðar og samræmdrar réttarstöðu sem gildir í öllu Sambandinu fyrir þá sem veitt er alþjóðleg vernd. Á fundi sínum 4. nóvember 2004 samþykkti leiðtoga ráðið Haag-áætlunina þar sem sett voru fram þau markmið sem nást skyldu á svæði frelsis, öryggis og réttlætis á tímabilinu 2005-2010. Í tengslum við það var framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hvött til þess í Haag-áætluninni að ljúka mati á lagagerningum fyrsta áfanga og leggja gerninga og ráðstafanir annars áfanga fyrir Evrópuþingið og ráðið með það í huga að þau yrðu samþykkt fyrir árið 2010.
- 7) Í Stokkhólmsáætluninni ítrekaði leiðtoga ráðið stuðning sinn við markmiðið um að koma á sameiginlegu svæði verndar og samstöðu, í samræmi við 78. gr. í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, fyrir þá sem er veitt alþjóðleg vernd, eigi síðar en árið 2012.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 317, 23.12.2009, bls. 115.<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 79, 27.3.2010, bls. 58.<sup>(3)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 7. maí 2009 (Stjtið. ESB C 212 E, 5.8.2010, bls. 370) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 6. júní 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum). Afstaða Evrópuþingsins frá 10. júní 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 50, 25.2.2003, bls. 1.

- Enn fremur lagði ráðið áherslu á að Dyflinnarkerfið yrði áfram hornsteinn í uppbyggingu samevrópska hæliskerfisins þar eð það skiptir ábyrgð á meðferð umsókna um alþjóðlega vernd með skýrum hætti á milli aðildarríkjanna.
- 8) Hægt skal vera að nota úrræði Evrópsku stuðnings-skrifstofunnar í hælismálefnum, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 439/2010 <sup>(1)</sup>, til að styðja með viðeigandi hætti þau yfirvöld í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á framkvæmd þessarar reglugerðar. Einkum skal Evrópska stuðnings-skrifstofan í hælismálefnum gera ráðstafanir um samstöðu, eins og að mynda viðbragðshóp í hælismálefnum (e. Asylum Intervention Pool) með stuðningsteymum á þessu sviði, til að aðstoða þau aðildarríki sem eru undir sérstöku álagi og þar sem umsækjendur um alþjóðlega vernd („umsækjendur“) njóta ekki góðs af viðeigandi reglum, einkum að því er varðar móttöku og vernd.
- 9) Í ljósi niðurstaðna úr mati, sem fram fór á framkvæmd lagageringa fyrsta áfanga, er við hæfi, á þessu stigi, að staðfesta meginreglurnar sem liggja til grundvallar reglugerð (EB) nr. 343/2003, samhliða því að gerðar eru nauðsynlegar umbætur, í ljósi fenginnar reynslu, á skilvirkni Dyflinnarkerfisins og þeirri vernd sem umsækjendum er veitt samkvæmt því kerfi. Þar eð það skiptir sköpum fyrir samevrópskt hæliskerfi að Dyflinnarkerfið starfi með fullnægjandi hætti skal endurskoða meginreglur þess og starfsemi þegar aðrir þættir samevrópska hæliskerfisins og leiðir Sambandsins til samstöðu (e. solidarity tools) eru byggð upp. Gera skal ítarlega „hæfispöfun“ með því að láta fara fram gagnreynda endurskoðun er tekur til lagalegra, efnahagslegra og félagslegra áhrifa Dyflinnarkerfisins, þ.m.t. áhrif þess á grundvallarréttindi.
- 10) Til þess að öllum umsækjendum og þeim sem njóta alþjóðlegrar verndar sé tryggð jöfn meðferð og samræmi við gildandi réttarreglur Sambandsins um hæli, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/95/ESB frá 13. desember 2011 um kröfur, sem ríkisborgarar þriðju landa eða ríkisfangslausir einstaklingar þurfa að uppfylla til að njóta alþjóðlegrar verndar, um samræmda réttarstöðu flóttamanna eða fólks sem á rétt á viðbótarvernd og um efni þeirrar verndar sem veitt er <sup>(2)</sup> skulu umsækjendur um viðbótarvernd og fólk sem á rétt á viðbótarvernd heyrja undir gildissvið þessarar reglugerðar.
- 11) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/33/ESB frá 26. júní 2013 um kröfur varðandi móttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd <sup>(3)</sup> skal gilda um málsmeðferðina til ákvörðunar á því hvaða aðildarríki ber ábyrgð, eins og ákvarðað er með þessari reglugerð, sbr. þó takmarkanir á beitingu þeirrar tilskipunar.
- 12) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/32/ESB frá 26. júní 2013 um sameiginlegar málsmeðferðarreglur við veitingu og afturköllun á alþjóðlegri vernd <sup>(4)</sup> skal gilda til viðbótar og án þess að hafa áhrif á ákvæðin varðandi réttarfarsreglur sem ákvarðaðar eru með þessari reglugerð, sbr. þó takmarkanir á beitingu þeirrar tilskipunar.
- 13) Í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989 og sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, skal það sem er barninu fyrir bestu ávallt hafa forgang hjá aðildarríkjunum við beitingu þessarar reglugerðar. Þegar lagt er mat á það hvað er barninu fyrir bestu skulu aðildarríkin einkum taka tillýðilegt tillit til velferðar og félagsþroska hins ólöggráða barns, öryggissjónarmiða og álits þess, með hliðsjón af aldri þess, þroska og uppruna. Að auki skal mæla fyrir um sérstakan málsmeðferðarrétt fyrir fylgdarlaus, ólöggráða börn vegna þess hve þau eru einstaklega berskjölduð.
- 14) Í samræmi við Evrópusáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis og sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi skal friðhelgi fjölskyldunnar ávallt hafa forgang hjá aðildarríkjunum við beitingu þessarar reglugerðar.
- 15) Með því að láta sama aðildarríki taka samtímis fyrir umsóknir fólks um alþjóðlega vernd innan sömu fjölskyldu er hægt að tryggja að farið sé vandlega yfir umsóknirnar, samkvæmni höfð að leiðarljósi við ákvarðanatöku um þær og að fjölskyldur séu ekki aðskildar.
- 16) Til að tryggja að meginreglan um einingu fjölskyldunnar og það sem er barninu fyrir bestu sé að fullu virt skal það vera bindandi viðmiðun um ábyrgð ef framfærslusamband er milli umsækjanda og barns hans, systkinis eða foreldris sakir þungunar umsækjanda, meðgöngu og fæðingar, heilbrigðisástands hans eða elli. Ef umsækjandi er fylgdarlaus ólöggráða barn, sem á aðstandanda eða skyldmenni, sem getur annast hann, á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skal það einnig vera bindandi viðmiðun um ábyrgð.

<sup>(1)</sup> Stjótið. ESB L 132, 29.5.2010, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjótið. ESB L 337, 20.12.2011, bls. 9.

<sup>(3)</sup> Stjótið. ESB L 180, 29.6.2013, bls. 96.

<sup>(4)</sup> Stjótið. ESB L 180, 29.6.2013, bls. 60.

- 17) Sérhverju aðildarríki skal heimilt að víkja frá viðmiðuninum um ábyrgð, einkum af mannúðar- og samúðarástæðum, í því skyni að sameina aðstandendur, skyldmenni eða aðra sem eru tengdir fjölskylduböndum og taka til meðferðar umsókn um alþjóðlega vernd, sem er lögð fram í því ríki eða öðru aðildarríki, jafnvel þótt slík meðferð sé ekki á þess ábyrgð samkvæmt þeim bindandi viðmiðunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 18) Skipuleggja skal einstaklingsviðtal við umsækjandann til að auðveldara sé að taka ákvörðun um hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar hans um alþjóðlega vernd. Um leið og umsókn um alþjóðlega vernd hefur verið lögð fram skal umsækjanda tilkynnt um beitingu þessarar reglugerðar og um möguleikann á að veita upplýsingar í viðtalinu um aðstandendur, skyldmenni eða aðra sem eru tengdir honum fjölskylduböndum í aðildarríkjum, til að greiða fyrir málsmeðferðinni við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð.
- 19) Til að tryggja skilvirka vernd réttinda viðkomandi einstaklinga skal koma á lagalegri réttarvernd og rétti til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns varðandi ákvarðanir um flutning til aðildarríkisins sem ber ábyrgðina, einkum í samræmi við 47. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Til að tryggja að þjóðarréttur sé virtur, skal raunhæft úrræði til að leita réttar síns varðandi slíkar ákvarðanir bæði ná til rannsóknar á beitingu þessarar reglugerðar og á lagalegri stöðu og aðstæðum í aðildarríkinu sem umsækjandi er fluttur til.
- 20) Sú meginregla sem liggur til grundvallar því að einstaklingur skuli ekki hneppur í varðhald af þeirri ástæðu einni að viðkomandi sækir um alþjóðlega vernd skal gilda varðandi beitingu varðhalds gagnvart umsækjendum. Varðhald skal vara eins stutt og mögulegt er og vera háð nauðsynjarreglunni og meðalhófsreglunni. Einkum verður varðhald umsækjenda að samræmast 31. gr. Genfarsamningsins. Málsmeðferðarreglur þær, sem kveðið er á um í þessari reglugerð varðandi einstaklinga í varðhaldi, skulu hafa forgang og þeim skal beita innan eins stutts frests og unnt er. Að því er varðar almennar ábyrgðir varðandi varðhald og skilyrði varðhalds, eftir því sem við á, skulu aðildarríkin einnig beita ákvæðum tilskipunar 2013/33/ESB gagnvart einstaklingum sem hnepptir eru í varðhald á grundvelli þessarar reglugerðar.
- 21) Annmarkar á hæliskerfum eða að þau hrynja, oft af völdum sérstaks álags sem veikir kerfin, getur stofnað í hættu snurðulausri framkvæmd kerfisins, sem sett er á laggirnar samkvæmt þessari reglugerð, sem gæti leitt til þess að hætta sé á að brotið sé á réttindum umsækjenda, sem sett eru fram í réttarreglum Sambandsins um hæli og í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, ásamt öðrum alþjóðlegum skuldbindingum um mannréttindi og réttindi flóttamanna.
- 22) Setja skal á laggirnar ferli fyrir tímanlega viðvörðun, viðbúnað og stjórnun vegna hættuástands í hælismálefnum til að koma í veg fyrir að hæliskerfi veikist eða bresti, þar sem Evrópska stuðnings- skrifstofan í hælismálefnum gegnir lykilhlutverki með beitingu heimilda sinna samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 439/2010, og tryggja þannig öflugt samstarf innan ramma þessarar reglugerðar og þróa gagnkvæmt traust milli aðildarríkja að því er varðar stefnu um hælismál. Slíkt ferli skal tryggja að Sambandinu sé gert viðvart eins fljótt og unnt er þegar áhyggjur vakna um að snurðulausri starfsemi kerfisins, sem sett er á laggirnar með þessari reglugerð, sé stofnað í hættu vegna sérstaks álags og/eða ágalla á hæliskerfum eins eða fleiri aðildarríkja. Slíkt ferli gerir Sambandinu kleift að grípa snemma til forvarnarástafana og beina viðeigandi athygli hins pólitíska vettvangs að slíku ástandi. Samstaða, sem er lykilmáttur í samevrópska hæliskerfinu, og gagnkvæmt traust fylgjast að. Með því að efla slíkt traust væri, með ferlinu fyrir tímanlega viðvörðun, viðbúnað og stjórnun vegna hættuástands í hælismálum, hægt að bæta hvernig gagngerum ráðstöfunum um raunverulega og praktíska samstöðu er beint til aðildarríkanna, og aðstoða þannig aðildarríkin, sem þetta varðar, almennt og umsækjendur sérstaklega. Í samræmi við 80. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skulu gerðir Sambandsins fela í sér viðeigandi ráðstafanir, þegar þörf krefur, til að framfylgja meginreglunni um samstöðu og skulu slíkar ráðstafanir fylgja ferlinu. Í ályktunum ráðsins frá 8. mars 2012 um sameiginlegan ramma um raunverulega og praktíska samstöðu gagnvart aðildarríkjum sem standa frammi fyrir sérstöku álagi á hæliskerfi sín, þ.m.t. vegna blandaðs straums innflytjenda, er séð fyrir „verkfærasafni“ með bæði núverandi og hugsanlegum nýjum ráðstöfunum sem taka skal tillit til innan ramma kerfis fyrir tímanlega viðvörðun, viðbúnað og hættustjórnun.
- 23) Aðildarríkin skulu vinna með Evrópsku stuðnings- skrifstofunni í hælismálefnum að öflun upplýsinga varðandi hæfni þeirra til að takast á við sérstakt álag á hæliskerfi og móttökukerfi sín, einkum innan ramma beitingar þessarar reglugerðar. Evrópska stuðnings- skrifstofan í hælismálefnum skal reglulega gefa skýrslu um þær upplýsingar sem aflað er í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 439/2010.
- 24) Í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1560/2003 <sup>(1)</sup> getur flutningur einstaklings til aðildarríkis, sem ber ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd, farið fram með þeim hætti að viðkomandi fer sjálfviljugur, brottför hans fer fram undir eftirliti eða með fylgd. Aðildarríkin skulu stuðla að því að flutningur fólks fari fram með vilja þess, með því að veita umsækjanda viðeigandi upplýsingar og jafnframt tryggja að flutningur undir eftirliti eða með fylgd fari fram á mannúðlegan hátt, í fullu samræmi við grundvallarréttindi, virðingu fyrir mannelegri reisu og með hagsmuni barnsins að leiðarljósi, og að tekið sé

(<sup>1</sup>) Stjótið. ESB L 222, 5.9.2003, bls. 3.

- ýtrasta tillit til þróunar í viðkomandi dómaframkvæmd, einkum að því er varðar flutning fólks af mannúðar-ástandum.
- 25) Uppbygging svæðis án innri landamæra í áföngum, þar sem fjáls för fólks er tryggð í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins og mörkun stefna Sambandsins að því er varðar komu- og dvalarskilyrði ríkisborgara þriðju lands, þ.m.t. sameiginlegt átak um stjórnun ytri landamæra, kallar á að komið sé á jafnvægi milli viðmiðana um ábyrgð í anda samstöðu.
- 26) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um fjálssa miðlun slíkra upplýsinga<sup>(1)</sup> gildir um vinnslu aðildarríkjanna á persónuupplýsingum samkvæmt þessari reglugerð.
- 27) Með því að skiptast á persónuupplýsingum umsækjanda, þ.m.t. viðkvæmum gögnum um heilsu viðkomandi, fyrir flutning, er tryggt að lögbær yfirvöld hælismála séu í aðstöðu til að veita umsækjendum fullnægjandi aðstoð og tryggja samfellu í vernd þeirra og réttindum sem þeim eru veitt. Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja vernd gagna um umsækjendur í slíkri aðstöðu, í samræmi við tilskipun 95/46/EB.
- 28) Greiða má fyrir beitingu þessarar reglugerðar og auka skilvirkni hennar með tvíhliða samkomulagi milli aðildarríkja til að bæta samskipti milli lögbærra stofnana, stytta málsmeðferðarfresti eða einfalda umfjöllun beiðna um að umsækjandi verði tekinn í umsjá eða beiðna um endurvíðtöku eða með því að koma á málsmeðferð um það hvernig flutningur skuli fara fram.
- 29) Brynt er að tryggja samfellu milli kerfisins til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 343/2003, og þess kerfis sem komið er á með þessari reglugerð. Á sama hátt skal tryggja samræmi milli þessarar reglugerðar og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 603/2013 frá 26. júní 2013 um stofnun evrópska fingrafaragrunnsins „Eurodac“ til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu reglugerðar (ESB) nr. 604/2013 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram í einu aðildarríkjanna og um beiðnir löggæsluyfirvalda og Evrópsku lögregluskrifstofunnar um samanburð á gögnum í fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi<sup>(2)</sup>.
- 30) Starfræksla evrópska fingrafaragrunnsins, eins og honum var komið á fót með reglugerð (ESB) nr. 603/2013, skal greiða fyrir beitingu þessarar reglugerðar.
- 31) Starfræksla upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, eins og því var komið á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 frá 9. júlí 2008 um upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS) og skipti á gögnum milli aðildarríkjanna um vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar<sup>(3)</sup>, einkum framkvæmd 21. og 22. gr. hennar, ætti að greiða fyrir beitingu þessarar reglugerðar.
- 32) Að því er varðar meðferð fólks, sem heyrir undir gildissvið þessarar reglugerðar, eru aðildarríki bundin af skuldbindingum sínum samkvæmt alþjóðlegum lagagæringum, þ.m.t. viðeigandi dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu.
- 33) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald. Þessu valdi skal beitt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu<sup>(4)</sup>.
- 34) Rannsóknarmálsmeðferð skal notuð við samþykkt á sameiginlegum bæklingi um Dyflinnarkerfið/evrópska fingrafaragrunninn (Eurodac), einnig á sérstökum bæklingi fyrir fylgdarlaus ólögráða börn; á stöðluðu eyðublaði um skipti á viðeigandi upplýsingum um fylgdarlaus ólögráða börn; á samræmdum skilyrðum um samráð og skipti á upplýsingum um ólögráða börn og fólk á framfæri annarra; á samræmdum skilyrðum varðandi undirbúning og framlagningu beiðna um að einstaklingur sé tekinn í umsjá og beiðna um endurvíðtöku; á tveimur skráum um viðeigandi sannanir og sannanir byggðar á líkum og reglubundna endurskoðun þeirra; á ferðabréfi (laissez-passer); á samræmdum skilyrðum um samráð og skipti á upplýsingum um flutninga á fólki; á stöðluðu eyðublaði um skipti á upplýsingum fyrir flutning einstaklings; á sameiginlegu heilbrigðisvottorði; á samræmdum skilyrðum og fyrirkomulagi um skipti á heilbrigðisupplýsingum einstaklings fyrir flutning og á öruggum rafrænum rásum til sendinga á beiðnum.

(1) Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

(2) Stjtið. ESB L 180, 29.6.2013, bls. 1.  
 (3) Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 60.  
 (4) Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

- 35) Í því skyni að setja viðbótarreglur skal vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins framselt framkvæmdastjórninni að því er varðar að bera kennsl á aðstandendur, systkini eða skyldmenni fylgdarlaus, ólöggráða barns; viðmiðanir til að færa sönnur á að fjölskyldutengsl séu fyrir hendi; viðmiðanir til að meta getu skyldmennis til að annast fylgdarlaust ólöggráða barn, þ.m.t. þar sem aðstandendur, systkini eða skyldmenni barnsins dvelja í fleiri en einu aðildarríki; þætti til að meta framfærslutengsl; viðmiðanir til að meta getu einstaklings til að annast einstakling á framfæri hans og þætti, sem taka þarf tillit til, til að meta hvort einstaklingur sé óferðafær í umtalsverðan tíma. Þegar framkvæmdastjórnin beitir valdi sínu til að samþykkja framseldar gerðir skal hún halda sig innan þeirra marka sem er barninu fyrir bestu, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða skal framkvæmdastjórnin tryggja samtímis eins fljótt og hægt er, afhendingu viðeigandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 36) Við beitingu þessarar reglugerðar, þ.m.t. við undirbúning framseldra gerða, skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga, m.a. frá öllum hlutaðeigandi landsyfirvöldum.
- 37) Mælt hefur verið fyrir um ítarlegar reglur um beitingu reglugerðar (EB) nr. 343/2003 í reglugerð (EB) nr. 1560/2003. Fella skal tiltekin ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1560/2003 inn í þessa reglugerð, annaðhvort til glöggvunar eða vegna þess að þau geta þjónað almennu markmiði. Einkum er mikilvægt, fyrir aðildarríkin og einnig fyrir viðkomandi umsækjendur, að fyrir hendi sé almennt fyrirkomulag til að leita lausna í ágreiningsmálum milli aðildarríkjanna um beitingu ákvæða í þessari reglugerð. Því er réttlæt看legt að fella fyrirkomulagið, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1560/2003 um lausn ágreiningsmála varðandi manúðarákvæðið, inn í þessa reglugerð og rýmka gildissvið þess svo að það eigi við um þessa reglugerð í heild.
- 38) Reglulega skal fara fram mat á því hvort skilvirkt eftirlit sé haft með beitingu þessarar reglugerðar.
- 39) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Í þessari reglugerð er einkum leitast við að tryggja að rétturinn til hælís, sem er tryggður með 18. gr. sáttmálans, sé virtur að fullu, einnig réttindi sem viðurkennd eru skv. 1., 4., 7., 24. og 47. gr. hans. Þessi reglugerð skal því öðlast gildi án tafar.

- 40) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram í einu aðildarríkjanna, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa reglugerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.
- 41) Í samræmi við 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. a í bókun 21 um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands að því er varðar svæði frelsis, öryggis og réttlætis, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, hafa þessi aðildarríki tilkynnt að þau óski eftir því að taka þátt í samþykkt og beitingu þessarar reglugerðar.
- 42) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunar 22 um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## I. KAFLI

## VIÐFANGSEFNI OG SKILGREININGAR

## 1. gr.

## Viðfangsefni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram í einu aðildarríkjanna („aðildarríki sem ber ábyrgð“).

## 2. gr.

## Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „ríkisborgari þriðja lands“: hver sá sem er ekki borgari Sambandsins í skilningi 1. mgr. 20. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og sem er ekki ríkisborgari ríkis sem tekur þátt í þessari reglugerð í krafti samnings við Evrópusambandið,



- b) „umsókn um alþjóðlega vernd“: umsókn um alþjóðlega vernd eins og hún er skilgreind í h-lið 2. gr. tilskipunar 2011/95/ESB,
- c) „umsækjandi“: ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur sem hefur lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd sem enn liggur ekki endanleg ákvörðun fyrir um,
- d) „meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd“: hvers kyns meðferð, ákvörðun eða úrskurður varðandi umsókn um alþjóðlega vernd af hálfu lögbærra yfirvalda í samræmi við tilskipun 2013/32/ESB og tilskipun 2011/95/ESB, að undanskilinni málsmeðferð til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgðina í samræmi við þessa reglugerð,
- e) „umsókn um alþjóðlega vernd dregin til baka“: aðgerðir umsækjanda til að binda enda á málsmeðferð, sem hafin var með því að hann lagði fram umsókn um alþjóðlega vernd í samræmi við tilskipun 2013/32/ESB, annaðhvort beint eða óbeint,
- f) „einstaklingur sem nýtur alþjóðlegrar verndar“: ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur sem veitt hefur verið alþjóðleg vernd eins og hún er skilgreind í a-lið 2. gr. tilskipunar 2011/95/ESB,
- g) „aðstandendur“: eftirtaldir aðstandendur umsækjanda, sem eru staddir á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, að því tilskildu að fjölskyldutengsl hafi þegar verið mynduð í upprunalandinu:
- maki eða sambúðarmaki umsækjanda í föstu sambandi við viðkomandi, þar sem samkvæmt lögum eða venju í viðkomandi aðildarríki er litið á ógift pör á sambærilegan hátt og hjón í lögum um ríkisborgara þriðju lands,
  - ólögráða börn hjóna eða para, sem um getur í fyrsta undirlíð, eða umsækjanda, að því tilskildu að þau séu einhleyp, óháð því hvort þau eru fædd innan hjónabands eða utan eða ættleidd eins og það er skilgreint í innlendum lögum,
  - ef umsækjandi er ólögráða og einhleypur, faðir, móðir eða annar fullorðinn einstaklingur sem ber ábyrgð á umsækjanda, hvort sem er að lögum eða venju aðildarríkisins þar sem hinn fullorðni er staddur,
  - ef einstaklingur sem nýtur alþjóðlegrar verndar er ólögráða og einhleypur, faðir, móðir eða annar fullorðinn einstaklingur sem ber ábyrgð á umsækjanda, hvort sem er að lögum eða venju
- aðildarríkisins þar sem einstaklingurinn sem nýtur alþjóðlegrar verndar er staddur,
- h) „skyldmenni“: fullorðin móður- eða föðursystir eða fullorðinn móður- eða föðurbróðir umsækjanda, afi eða amma sem er stödd/staddur á yfirráðasvæði aðildarríkis, óháð því hvort umsækjandi er fæddur innan hjónabands eða utan eða ættleiddur eins og það er skilgreint í innlendum lögum,
- i) „ólögráða barn“: ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur undir 18 ára aldri,
- j) „fylgdarlaust, ólögráða barn“: ólögráða barn sem kemur inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna án fylgdar fullorðins einstaklings, sem ber ábyrgð á því, samkvæmt lögum eða venju viðkomandi aðildarríkis, svo fremi að slíkur einstaklingur taki það ekki í reynd að sér, þetta á einnig við ef barn er skilið eftir fylgdarlaust eftir að það kemur inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna,
- k) „talsmaður“: einstaklingur eða stofnun sem tilnefnd er af þar til bærum stofnunum til að aðstoða og koma fram fyrir hönd fylgdarlauss, ólögráða barns í málsmeðferðum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, í því skyni að tryggja hagsmuni barnsins og beita gerhæfi fyrir hönd þess ef nauðsyn krefur. Ef stofnun er tilnefnd talsmaður skal hún skipa einstakling sem er falið að gegna skyldum hennar gagnvart hinu ólögráða barni í samræmi við þessa reglugerð,
- l) „dvalarskjal“: hvers konar leyfi, sem yfirvöld aðildarríkis gefa út, sem heimilar ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi að dvelja á yfirráðasvæði þess, þ.m.t. skjöl sem færa sönnur á að viðkomandi hafi leyfi til að dvelja áfram á yfirráðasvæðinu samkvæmt fyrirkomulagi um bráðabirgðavernd eða uns aðstæður, sem koma í veg fyrir að skipun um brottvísun sé framfylgt, eru ekki lengur fyrir hendi, að undanskildum vegabréfsáritunum og dvalarleyfum, gefnum út á meðan beðið er ákvörðunar um það hvaða aðildarríki skuli bera ábyrgð, eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eða meðan á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd eða umsóknar um dvalarleyfi stendur,
- m) „vegabréfsáritun“: leyfi eða ákvörðun aðildarríkis sem krafist er til gegnumferðar eða komu manna til fyrirhugaðrar dvalar í því aðildarríki eða í nokkrum aðildarríkjum. Eðli vegabréfsáritunarinnar skal ákvarðað í samræmi við eftirfarandi skilgreiningar:
- „vegabréfsáritun til langrar dvalar“: leyfi eða ákvörðun, gefið út af einhverju aðildarríkjanna í samræmi við landslög þess eða löggjöf Sambandsins, sem krafist er til komu vegna fyrirhugaðrar dvalar í því aðildarríki til lengri tíma en þriggja mánaða,

- „vegabréfsáritun til stuttrar dvalar“: leyfi eða ákvörðun aðildarríkis sem krafist er til gegnumferðar um eða fyrirhugaðrar dvalar á yfirráðasvæði eins eða fleiri eða allra aðildarríkjanna í þrjá mánuði eða skemur á hverju sex mánaða tímabili sem hefst á fyrsta komudegi til yfirráðasvæðis aðildarríkjanna,
- „vegabréfsáritun til gegnumferðar um flughöfn“: vegabréfsáritun til gegnumferðar um alþjóðleg gegnumferðarsvæði einnar eða fleiri flughafna í aðildarríkjunum,

- n) „hætta á að viðkomandi hlaupist á brott“: í tilteknu máli eru fyrir hendi ástæður, byggðar á lögbundnum, hlutlægum viðmiðunum, til að ætla að umsækjandi eða ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur sem sætir málsmeðferð um flutning kunni að hlaupast á brott.

## II. KAFLI

### ALMENNAR MEGINREGLUR OG VERNDARRÁÐSTAFANIR

#### 3. gr.

#### Aðgangur að málsmeðferð til meðferðar á umsókn um alþjóðlega vernd

1. Aðildarríkin skulu taka til meðferðar sérhverja umsókn um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram á yfirráðasvæði einhvers aðildarríkjanna, þ.m.t. á landamærum eða á gegnumferðarsvæðum. Aðeins það aðildarríki sem ber ábyrgð, samkvæmt þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í III. kafla, skal taka umsóknina til meðferðar.

2. Ef ekki er unnt að tilnefna eittvert aðildarríki sem ber ábyrgð á grundvelli viðmiðananna, sem tilgreindar eru í þessari reglugerð, skal það aðildarríki, þar sem fyrst var lögð fram umsókn um alþjóðlega vernd, bera ábyrgð á meðferð hennar.

Ef ógerlegt er að flytja umsækjanda til þess aðildarríkis sem upphaflega var tilnefnt sem ríki sem ber ábyrgð, vegna þess að rökstuddar ástæður eru til að ætla að kerfisgallar séu á málsmeðferð umsókna um hæli og á móttökuskilyrðum fyrir umsækjendur í því aðildarríki, sem valda hættu á ómannúðlegri eða lítillákkandi meðferð í skilningi 4. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, skal aðildarríkið sem tekur ákvörðunina halda áfram að kanna viðmiðanirnar í III. kafla til að ganga úr skugga um hvort unnt sé að tilnefna annað aðildarríki sem ábyrgt.

Geti flutningur hvorki farið fram, í samræmi við þessa málsgrein, til aðildarríkis sem tilnefnt er á grundvelli viðmiðananna sem taldar eru upp í III. kafla, né til þess aðildarríkis þar sem fyrst var lögð fram umsókn, skal aðildarríkið sem tekur ákvörðunina verða aðildarríkið sem ber ábyrgðina.

3. Sérhvert aðildarríki áskilur sér rétt til að senda umsækjanda til öruggs þriðja lands í samræmi við reglur og verndarráðstafanir sem mælt er fyrir um í tilskipun 2013/32/ESB.

#### 4. gr.

#### Réttur til upplýsinga

1. Jafnskjótt og umsókn um alþjóðlega vernd er lögð fram í aðildarríki í skilningi 2. mgr. 20. gr. skulu lögbær yfirvöld tilkynna umsækjanda um beitingu þessarar reglugerðar, einkum:

a) markmið þessarar reglugerðar og afleiðingar þess að leggja fram aðra umsókn í öðru aðildarríki, og afleiðingar þess að fara frá einu aðildarríki til annars á meðan verið er að ákveða hvaða aðildarríki ber ábyrgð samkvæmt þessari reglugerð og á meðan umsókn um alþjóðlega vernd er tekin til meðferðar,

b) viðmiðanir til að ákvarða hvaða aðildarríki ber ábyrgð, forgangsröð slíkra viðmiðana á mismunandi stigum málsmeðferðarinnar og lengd þeirra, þ.m.t. þá staðreynd að ef umsókn um alþjóðlega vernd er lögð fram í einu aðildarríki getur það leitt til þess að það aðildarríki verði ábyrgt samkvæmt þessari reglugerð jafnvel þótt slík ábyrgð byggist ekki á þessum viðmiðunum,

c) einstaklingsviðtalið skv. 5. gr. og möguleikann á að leggja fram upplýsingar um aðstandendur, skyldmenni eða aðra sem eru tengdir viðkomandi fjölskylduböndum í aðildarríkjunum, ásamt því hvernig umsækjandi getur lagt fram slíkar upplýsingar,

d) möguleikann á að vefengja ákvörðun um flutning og, eftir atvikum, sækja um að flutningi verði frestað,

e) þá staðreynd að lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna er einungis heimilt að skiptast á gögnum um viðkomandi í þeim tilgangi að framkvæma skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð,

f) að viðkomandi hafi rétt til aðgangs að gögnum um sig og rétt til að fara fram á að slík gögn séu leiðrétt ef þau eru röng eða þeim verði eytt ef þau hafa verið unnin með ólögætum hætti, auk þess hvernig nýta megi þennan rétt, þ.m.t. samskiptaupplýsingar yfirvaldanna sem um getur í 35. gr. og innlendra gagnaverndaryfirvalda sem taka kærur varðandi vernd persónuupplýsinga til meðferðar.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu vera skriflegar á tungumáli sem umsækjandi skilur eða sem raunhæft er að ætla að hann skilji. Til þess skulu aðildarríkin nota sameiginlega bæklinginn sem saminn er í samræmi við 3. mgr.

Ef þörf er á, til að umsækjandi skilji upplýsingarnar réttilega, skulu þær einnig veittar munnlega, t.d. í tengslum við einstaklingsviðtalið sem um getur í 5. gr.



3. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, semja sameiginlegan bækling, og sérstakan bækling varðandi fylgdarlaus ólögráða börn, sem inniheldur að minnsta kosti þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Í sameiginlega bæklingnum skulu einnig vera upplýsingar um beitingu reglugerðar (ESB) nr. 603/2013, einkum um það í hvaða tilgangi heimilt er að vinna gögn um umsækjanda í evrópska fingrafaragrunninum. Sameiginlegi bæklingurinn skal gerður á þann hátt að hvert aðildarríki geti bætt við viðbótarupplýsingum sem eiga sérstaklega við um það ríki. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 44. gr. í þessari reglugerð.

5. gr.

#### Einstaklingsviðtal

1. Til að greiða fyrir ákvörðunarferlinu um það hvaða aðildarríki beri ábyrgð skal aðildarríkið, sem tekur ákvörðunina, taka einstaklingsviðtal við umsækjandann. Viðtalið skal einnig tryggja að umsækjandi skilji á réttan hátt upplýsingarnar, sem honum eru veittar skv. 4. gr.

2. Einstaklingsviðtalinu má sleppa ef:

a) umsækjandi hefur hlaupist á brott eða

b) umsækjandi hefur, eftir að hafa fengið upplýsingarnar sem um getur í 4. gr., þegar látið í té með öðrum hætti þær upplýsingar sem þarf til að ákvarða hvaða aðildarríki ber ábyrgð. Aðildarríki sem sleppir viðtali skal gefa umsækjanda tækifæri til að leggja fram allar frekari upplýsingar sem máli skipta til að ákvarða með réttum hætti hvaða aðildarríki er ábyrgt áður en ákvörðun er tekin um að flytja umsækjandann til aðildarríkisins sem ber ábyrgð skv. 1. mgr. 26. gr.

3. Einstaklingsviðtalið skal fara fram eins fljótt og hægt er og ævinlega áður en nokkur ákvörðun hefur verið tekin um að flytja umsækjanda til aðildarríkisins sem ber ábyrgð í samræmi við 1. mgr. 26. gr.

4. Einstaklingsviðtalið skal fara fram á tungumáli sem umsækjandi skilur eða sem raunhæft er að ætla að hann skilji og hann getur tjáð sig á. Ef þörf er á skulu aðildarríkin nota túlk sem getur tryggt fullnægjandi samskipti umsækjandans og þess sem tekur einstaklingsviðtalið.

5. Einstaklingsviðtalið skal fara fram við aðstæður sem tryggja tilhlýðilegan trúnað. Einstaklingur, sem er til þess hæfur samkvæmt landslögum, skal taka viðtalið.

6. Aðildarríkið, sem tekur einstaklingsviðtalið, skal draga saman skriflega samantekt sem skal a.m.k. hafa að geyma helstu upplýsingar sem umsækjandi veitir í viðtalinu.

Samantektin getur annaðhvort verið í formi skýrslu eða á stöðluðu eyðublaði. Aðildarríkið skal tryggja að umsækjandi og/eða lögfræðingur eða annar ráðgjafi, sem kemur fram fyrir hönd umsækjanda, hafi aðgang að samantektinni eins fljótt og hægt er.

6. gr.

#### Atriði sem ólögráða börnum skulu tryggð

1. Aðildarríki skulu hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi í tengslum við allar málsmeðferðir sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að talsmaður komi fram fyrir hönd og/eða aðstoði fylgdarlaust ólögráða barn í tengslum við allar málsmeðferðir sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Talsmaðurinn skal hafa réttindi, hæfi og sérþekkingu sem þarf til að tryggja að tillit sé tekið til hagsmuna barnsins við þær málsmeðferðir sem fram fara samkvæmt þessari reglugerð. Slíkur talsmaður skal hafa aðgang að efni viðkomandi skjala í skrá umsækjandans, þ.m.t. sérstaka bæklingnum varðandi fylgdarlaus ólögráða börn.

Þessi málsgrein skal vera með fyrirvara um viðeigandi ákvæði í 25. gr. tilskipunar 2013/32/ESB.

3. Þegar lagt er mat á það hvað er barni fyrir bestu skulu aðildarríkin starfa náið saman og skulu einkum taka tilhlýðilegt tillit til eftirfarandi atriða:

a) möguleika á fjölskyldusameiningu,

b) velferðar- og félagsþroska hins ólögráða barns,

c) öryggissjónarmiða, einkum þar sem hætta er á að ólögráða barnið sé fórnarlamb mansals,

d) álits ólögráða barnsins með hliðsjón af aldri þess og þroska.

4. Að því er varðar beitingu 8. gr. skal aðildarríkið, þar sem fylgdarlaust ólögráða barn lagði fram umsókn um alþjóðlega vernd, gripa eins fljótt og auðið er til viðeigandi aðgerða til að staðfesta deili á aðstandendum, systkinum eða skyldmönnum fylgdarlausa, ólögráða barnsins á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, jafnframt því að vernda hagsmuni barnsins.

Í því skyni geta aðildarríkin kallað eftir aðstoð alþjóðastofnana eða annarra viðeigandi stofnana og greitt fyrir aðgangi hins ólögráða barns að leitarþjónustu slíkra stofnana.

Starfsfólk lögbæru yfirvaldanna, sem um getur í 35. gr., sem hefur til meðferðar beiðnir í tengslum við fylgdarlaus ólögráða börn, skulu hafa fengið og fá áfram, viðeigandi þjálfun varðandi sérþarfir ólögráða barna.

5. Í því skyni að greiða fyrir viðeigandi aðgerð til að staðfesta deili á aðstandendum, systkinum eða skyldmönnum fylgdarlausis ólögráða barns sem býr á yfirráðasvæði annars aðildarríkis samkvæmt 4. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir, þ.m.t. staðlað eyðublað til að skiptast á viðeigandi upplýsingum milli aðildarríkjanna. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

### III. KAFLI

#### VIÐMIÐANIR TIL AÐ ÁKVARÐA HVAÐA AÐILDARRÍKI BER ÁBYRGÐ

##### 7. gr.

##### Forgangsröð viðmiðana

- Viðmiðunum, til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, skal beitt í þeirri röð sem þær eru settar fram í þessum kafla.
- Ákvarða skal hvaða aðildarríki beri ábyrgð í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í þessum kafla á grundvelli þeirrar stöðu sem var þegar umsækjandi lagði fyrst fram umsókn sína um alþjóðlega vernd hjá aðildarríki.
- Í ljósi beitingar viðmiðananna sem um getur í 8., 10. og 16. gr. skulu aðildarríkin taka tillit til hvers konar sannana, sem liggja fyrir, um að aðstandendur, skyldmenni eða aðrir sem tengjast umsækjanda fjölskylduböndum séu staddir á yfirráðasvæði aðildarríkis, að því tilskildu að slíkar sannanir séu lagðar fram áður en annað aðildarríki samþykkir beiðni um að taka yfir umsjá hlutaðeigandi einstaklings eða beiðni um endurvíðtöku hans, í samræmi við 22. og 25. gr., eftir því sem við á, og að enn hafi ekki verið tekin fyrsta ákvörðun um fyrri umsóknir umsækjanda um alþjóðlega vernd.

##### 8. gr.

##### Ólögráða börn

- Ef umsækjandi er fylgdarlaus, ólögráða barn skal aðildarríkið, þar sem aðstandandi eða systkini ólögráða barnsins dvelur löglega, bera ábyrgð, að því tilskildu að slíkt samræmist hagsmunum barnsins. Ef ólögráða umsækjandi er giftur eða kvæntur og maki hlutaðeigandi dvelur ekki löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna skal aðildarríkið bera ábyrgð þar sem faðir, móðir eða annar fullorðinn einstaklingur, sem ber ábyrgð á barninu, hvort sem er samkvæmt lögum eða venju í viðkomandi aðildarríki, eða systkini þess dvelur löglega.
- Ef umsækjandi er fylgdarlaus ólögráða barn, sem á skyldmenni sem er löglega búsett í öðru aðildarríki og þar sem sýnt er fram á, á grundvelli sérstakrar skoðunar, að

skyldmennið geti annast viðkomandi, skal það aðildarríki sameina barnið og skyldmenni þess og bera ábyrgðina, að því tilskildu að slíkt samræmist hagsmunum barnsins.

3. Þar sem aðstandendur, systkini eða skyldmenni, eins og um getur í 1. og 2. mgr., dvelja í fleiri en einu aðildarríki skal ákvarða hvaða aðildarríki ber ábyrgð með hagsmuni fylgdarlausis ólögráða barnsins að leiðarljósi.

4. Ef engir aðstandendur, systkini eða skyldmenni, eins og um getur í 1. og 2. mgr., eru fyrir hendi skal aðildarríkið, þar sem fylgdarlaus, ólögráða barnið lagði fram umsókn um alþjóðlega vernd, bera ábyrgðina, að því tilskildu að slíkt samræmist hagsmunum barnsins.

5. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 45. gr., um það að staðfesta deili á aðstandendum, systkinum eða skyldmönnum fylgdarlausis ólögráða barnsins; um viðmiðanir til að sýna fram á fjölskyldutengsl; um viðmiðanir til að meta getu skyldmenna til að annast fylgdarlaus ólögráða barn, þ.m.t. þar sem aðstandendur, systkini eða skyldmenni barnsins dveljast í fleiri en einu aðildarríki. Þegar framkvæmdastjórnin beitir valdi sínu til að samþykkja framseldar gerðir skal hún halda sig innan þeirra marka sem best er fyrir barnið, eins og kveðið er á um það í 3. mgr. 6. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, setja samræmd skilyrði um samráð og skipti á upplýsingum milli aðildarríkja. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

##### 9. gr.

##### Aðstandendur sem njóta alþjóðlegrar verndar

Eigi umsækjandi aðstandanda, sem aðildarríki hefur veitt leyfi til dvalar sem einstaklingur sem nýtur alþjóðlegrar verndar, óháð því hvort fjölskyldutengsl þeirra höfðu þegar verið mynduð í upprunalandinu, skal það aðildarríki bera ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingar óski þess skriflega.

##### 10. gr.

##### Aðstandendur sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd

Eigi umsækjandi aðstandanda í aðildarríki, sem enn bíður þess að fyrsta ákvörðun verði tekin um umsókn hans um alþjóðlega vernd, skal það aðildarríki bera ábyrgð á meðferð umsóknarinnar um alþjóðlega vernd, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingar óski þess skriflega.

*11. gr.***Fjölskyldumálsmeðferð**

Ef nokkrir aðstandendur og/eða einhleyp systkini ólöggráða barns leggja fram umsóknir um alþjóðlega vernd í sama aðildarríki á sama tíma, eða á svo stuttum tíma að unnt sé að láta málsmeðferð við að ákvarða hvaða aðildarríki skuli bera ábyrgð fara fram samtímis, og ef beiting viðmiðananna, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, myndi leiða til aðskilnaðar þeirra skal ákveða hvaða aðildarríki ber ábyrgð á grundvelli eftirfarandi ákvæða:

- a) það aðildarríki, sem samkvæmt viðmiðununum skal taka yfir umsjá flestra í fjölskyldunni, skal bera ábyrgð á meðferð umsókna um alþjóðlega vernd frá öllum aðstandendum og/eða ólöggráða einhleypu systkinunum,
- b) að öðrum kosti skal ábyrgðin hvíla á aðildarríkinu sem samkvæmt viðmiðununum ber ábyrgð á meðferð umsókna þess sem elstur er í fjölskyldunni.

*12. gr.***Útgáfa dvalarskjala eða vegabréfsáritana**

1. Ef umsækjandi er handhafi gilds dvalarskjals skal aðildarríkið, sem gaf út skjalið, bera ábyrgð á meðferð umsóknar hans um alþjóðlega vernd.

2. Ef umsækjandi er handhafi gildrar vegabréfsáritunar skal aðildarríkið, sem gaf út vegabréfsáritunina, bera ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd nema það hafi gefið út vegabréfsáritunina fyrir hönd annars aðildarríkis samkvæmt samkomulagi um fyrirsvar, eins og kveðið er á um í 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 frá 13. júlí 2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir<sup>(1)</sup>. Í því tilviki skal aðildarríkið sem nýtur fyrirsvars bera ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd.

3. Ef umsækjandi er handhafi fleiri en eins gilds dvalarskjals eða vegabréfsáritunar, sem gefin eru út í mismunandi aðildarríkjum, skal ábyrgðin á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd falla á aðildarríkin í eftirfarandi röð:

- a) aðildarríkið, sem gaf út það dvalarskjal sem veitir rétt til lengstrar dvalar, eða, ef gildistímabil eru jafnlöng, þá það aðildarríki sem gaf út dvalarskjalið sem síðast rennur út,
- b) aðildarríkið sem gaf út vegabréfsáritunina sem síðast rennur út ef fleiri en ein vegabréfsáritun eru sömu gerðar,

c) ef vegabréfsáritanir eru ólíkrar gerðar, aðildarríkið sem gaf út vegabréfsáritun með lengstan gildistíma eða, ef gildistímabil eru jafnlöng, aðildarríkið sem gaf út vegabréfsáritunina sem síðast rennur út.

4. Ef umsækjandi er handhafi eins eða fleiri dvalarskjala, sem hafa runnið út á síðustu tveimur árum, eða einnar eða fleiri vegabréfsáritana, sem hafa runnið út á síðustu sex mánuðum og sem gerðu honum kleift að koma inn á yfirráðasvæði aðildarríkis, gilda 1., 2. og 3. mgr. um þann tíma sem umsækjandi hefur ekki yfirgefið yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

Ef umsækjandi er handhafi eins eða fleiri dvalarskjala, sem hafa runnið út fyrir meira en tveimur árum, eða einnar eða fleiri vegabréfsáritana, sem hafa runnið út fyrir meira en sex mánuðum, sem gerðu honum kleift að koma inn á yfirráðasvæði aðildarríkis og hafi hann ekki yfirgefið yfirráðasvæði aðildarríkjanna skal aðildarríkið, þar sem umsóknin um alþjóðlega vernd er lögð fram, bera ábyrgð.

5. Hafi dvalarskjal eða vegabréfsáritun verið gefin út til handa einhverjum sem gefur upp fálst nafn eða nafn annars manns eða lagði fram frumfölsuð, grunnfölsuð eða ógild skjöl skal það ekki koma í veg fyrir að aðildarríkið, sem gaf það/hana út, beri ábyrgð. Þó skal aðildarríkið, sem gefur út dvalarskjalið eða vegabréfsáritunina, ekki bera ábyrgð ef það getur sannað að svik hafi átt sér stað eftir útgáfu skjalsins eða vegabréfsáritunarinnar.

*13. gr.***Koma og/eða dvöl**

1. Ef fastsett hefur verið, á grundvelli sannana eða sannana sem byggðar eru á líkum, eins og lýst er í skránum tveimur sem um getur í 3. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar, þ.m.t. gögn sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 603/2013, að umsækjandi hafi komið ólöglega yfir landamæri aðildarríkis, á landi, sjó eða í lofti, frá þriðja landi skal aðildarríkið, sem komið var inn í með þeim hætti, bera ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd. Ábyrgð þessi fellur niður 12 mánuðum eftir að farið var ólöglega yfir landamærin.

2. Ef ekki er hægt eða ekki er lengur hægt að draga aðildarríki til ábyrgðar í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og ef fastsett hefur verið, á grundvelli sannana eða sannana sem byggðar eru á líkum, eins og lýst er í skránum tveimur sem um getur í 3. mgr. 22. gr., að umsækjandi, sem komið hefur ólöglega inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna eða á einhvern þann hátt sem ekki er hægt að staðfesta, hafi búið óslitið í aðildarríki í a.m.k. fimm mánuði áður en umsókn um alþjóðlega vernd er lögð fram, skuli það aðildarríki bera ábyrgð á meðferð umsóknar hans um alþjóðlega vernd.

Hafi umsækjandi búið lengur en um fimm mánaða skeið í nokkrum aðildarríkjum skal aðildarríkið, þar sem hann bjó síðast, bera ábyrgð á meðferð umsóknarinnar um alþjóðlega vernd.

<sup>(1)</sup> Stjótið. ESB L 243, 15.9.2009, bls. 1.

14. gr.

**Koma eftir að kvöð um vegabréfsáritun hefur verið felld niður**

1. Komi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur inn á yfirráðasvæði aðildarríkis, þar sem kvöð um vegabréfsáritun hefur verið felld niður, ber það aðildarríki ábyrgð á meðferð umsóknar viðkomandi um alþjóðlega vernd.

2. Meginreglan í 1. mgr. gildir ekki ef ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram umsókn um alþjóðlega vernd í öðru aðildarríki þar sem kvöð um að viðkomandi hafi vegabréfsáritun til að komast inn á yfirráðasvæðið hefur einnig verið felld niður. Í því tilviki skal síðarnefnda aðildarríkið bera ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd.

15. gr.

**Umsókn á alþjóðlegu gegnumferðarsvæði flughafnar**

Ef ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram umsókn um alþjóðlega vernd á alþjóðlegu gegnumferðarsvæði flughafnar í aðildarríki, ber það aðildarríki ábyrgð á meðferð umsóknarinnar.

## IV. KAFLI

**EINSTAKLINGAR Á FRAMFÆRI ANNARRA OG ÁKVÆÐI UM ÁKVÖRÐUNARRÉTT**

16. gr.

**Einstaklingar á framfæri annarra**

1. Ef umsækjandi er, sakir meðgöngu, nýfæddis barns, alvarlegra veikinda, mikillar fötlunar eða elli, háður aðstoð barns síns, systkinis eða foreldris, sem er með lagalega búsetu í einu aðildarríkjanna, eða ef barn hans, systkini eða foreldri, sem er með lagalega búsetu í einu aðildarríkjanna, er háð aðstoð umsækjanda skulu aðildarríkin að jafnaði halda saman eða sameina umsækjanda og viðkomandi barn, systkini eða foreldri, að því tilskildu að fjölskyldutengsl þeirra hafi þegar verið mynduð í upprunalandinu, að barnið, systkinið, foreldrið eða umsækjandi hafi getu til að annast viðkomandi einstakling og að viðkomandi einstaklingar óski þess skriflega.

2. Ef barn, systkini eða foreldri, sem um getur í 1. mgr., er með lagalega búsetu í öðru aðildarríki en því sem umsækjandi er staddur í, skal aðildarríkið þar sem barnið, systkinið eða foreldrið er með lagalega búsetu bera ábyrgðina nema heilsa umsækjanda komi í veg fyrir að hann geti ferðast til þess aðildarríkis í umtalsverðan tíma. Í því tilviki skal aðildarríkið, þar sem umsækjandi er staddur, bera ábyrgð. Því aðildarríki ber ekki skylda til að sameina barn, systkini eða foreldri og umsækjanda á yfirráðasvæði sínu.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 45. gr., að því er varðar þætti sem taka þarf tillit til við að meta framfærslutengsl, viðmiðanir til að færa sönnur á að fjölskyldutengsl séu fyrir hendi, viðmiðanir til að meta getu einstaklings til að annast einstakling á framfæri og til hvaða þátta þarf að taka tillit við að meta hvort einstaklingur sé óferðafær í umtalsverðan tíma.

4. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, setja samræmd skilyrði um samráð og skipti á upplýsingum milli aðildarríkja. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

17. gr.

**Ákvæði um ákvörðunarrétt**

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. er hverju aðildarríki heimilt að taka til meðferðar umsókn um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram hjá því, jafnvel þótt það beri ekki ábyrgð á slíkrri meðferð samkvæmt viðmiðunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

Aðildarríki sem ákveður að taka umsókn um alþjóðlega vernd til meðferðar samkvæmt þessari málsgrein skal verða aðildarríkið sem ber ábyrgð og taka á sig þær skuldbindingar sem sú ábyrgð hefur í för með sér. Þar sem við á skal það tilkynna það aðildarríkinu, sem áður bar ábyrgðina, aðildarríkinu, sem fer með málsmeðferðina til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð eða aðildarríkinu sem beiðni hefur verið beint til um að taka yfir umsjá umsækjanda eða taka við honum aftur, með Dyflinnarnetinu („DubliNet“), rafrænu fjarskiptaneti sem komið var á fót með 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1560/2003.

Aðildarríkið sem tekur við ábyrgðinni samkvæmt þessari málsgrein skal þegar í stað auðkenna það í evrópska fingrafaragrunninum, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 603/2013, með því að færa inn dagsetningu ákvörðunar um að taka umsóknina til meðferðar.

2. Aðildarríki, þar sem lögð er fram umsókn um alþjóðlega vernd og sem er í því ferli að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, eða aðildarríkið sem ber ábyrgðina, mega hvenær sem er, áður en fyrsta ákvörðun hefur verið tekin, fara fram á að annað aðildarríki taki yfir umsjá með umsækjanda í því skyni að sameina fólk sem tengt er fjölskylduböndum, af mannúðarástæðum, einkum að teknu tilliti til fjölskyldu- eða menningartengdra þátta, jafnvel þótt hitt aðildarríkið beri ekki ábyrgð samkvæmt þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 8.–11. gr. og í 16. gr. Viðkomandi einstaklingar verða að gefa samþykki sitt skriflega.

Beiðni um að taka yfir umsjá með umsækjanda skal innihalda allt það efni sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, hefur með höndum til að gera aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, kleift að meta stöðuna.

Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal gera nauðsynlegar kannanir til að rannsaka mannúðarástæðurnar sem vísað er til og svara aðildarríkinu, sem leggur fram beiðnina, innan tveggja mánaða frá viðtöku beiðninnar um Dyflinnarnetið, rafrænt fjarskiptanet sem komið var á fót með 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1560/2003. Sé beiðninni synjað skulu ástæður synjunarinnar koma fram í svarinu.

Samþykki aðildarríkið, sem beiðni er beint til, hana færast ábyrgðin á meðferð umsóknarinnar til þess.

#### V. KAFLI

#### SKYLDUR AÐILDARRÍKISINS SEM BER ÁBYRGÐ

##### 18. gr.

#### Skyldur aðildarríkisins sem ber ábyrgð

1. Aðildarríki, sem ber ábyrgð samkvæmt þessari reglugerð, skal vera skuldbundið til að:

- taka yfir, samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 21., 22. og 29. gr., umsjá umsækjanda sem lagt hefur fram umsókn í öðru aðildarríki,
- taka aftur við, samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 23., 24., 25. og 29. gr., umsækjanda sem hefur lagt fram umsókn sem er til meðferðar og sem lagt hefur fram umsókn í öðru aðildarríki eða sem er staddur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis án dvalarskjals,
- taka aftur við, samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 23., 24., 25. og 29. gr., ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi sem hefur dregið til baka umsókn sem var til meðferðar og lagt fram umsókn í öðru aðildarríki eða sem er staddur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis án dvalarskjals,
- taka aftur við, samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 23., 24., 25. og 29. gr., ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi, sem fengið hefur synjun við umsókn sinni og hefur lagt fram umsókn í öðru aðildarríki eða sem er staddur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis án dvalarskjals,

2. Í tilvikum sem falla undir a- og b-lið 1. mgr. skal aðildarríkið sem ber ábyrgðina taka til meðferðar eða ljúka meðferð umsóknar umsækjanda um alþjóðlega vernd.

Þegar aðildarríki sem ber ábyrgð hefur hætt meðferð umsóknar, í kjölfar þess að umsækjandi dregur hana til baka, áður en ákvörðun er tekin á fyrsta stigi, skal það aðildarríki tryggja að í tilvikum, sem falla undir c-lið 1. mgr., eigi umsækjandi rétt á að fara fram á að lokið verði við meðferð

umsóknar hans eða að leggja fram nýja umsókn um alþjóðlega vernd, sem ekki skal meðhöndluð sem síðari umsókn, eins og kveðið er á um í tilskipun 2013/32/ESB. Í slíkum tilvikum skulu aðildarríkin tryggja að lokið sé við meðferð umsóknarinnar.

Þegar umsókn hefur verið synjað á fyrsta stigi eingöngu, skal aðildarríkið sem ber ábyrgð tryggja, í tilvikum sem falla undir d-lið 1. mgr., að viðkomandi einstaklingur eigi eða hafi átt möguleika á raunhæfu úrræði til að leita réttar síns skv. 46. gr. tilskipunar 2013/32/ESB.

##### 19. gr.

#### Ábyrgð fellur niður

1. Ef aðildarríki gefur út dvalarskjal til handa umsækjanda flytjast skuldbindingarnar, sem um getur í 1. mgr. 18. gr., til þess aðildarríkis.

2. Skuldbindingarnar, sem um getur í 1. mgr. 18. gr., skulu falla niður ef aðildarríkið sem ber ábyrgð getur sannað, þegar það er beðið um að taka í umsjá eða taka aftur við umsækjanda eða öðrum einstaklingi eins og um getur í c- eða d-lið 1. mgr. 18. gr., að ríkisborgari þriðja lands hafi yfirgefið yfirráðasvæði aðildarríkjanna um a.m.k. þriggja mánaða skeið, nema hann hafi undir höndum gilt dvalarskjal, gefið út af aðildarríkinu sem ber ábyrgð.

Litið skal á umsókn, sem lögð er fram eftir fjarverutímabil eins og um getur í fyrstu undirgrein, sem nýja umsókn sem leiðir til nýrrar málsmeðferðar til að ákvarða hvaða aðildarríki ber ábyrgð.

3. Skuldbindingarnar, sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 18. gr., skulu falla niður ef aðildarríkið sem ber ábyrgð getur sannað, þegar það er beðið um að taka aftur við umsækjanda eða öðrum einstaklingi eins og um getur í c- eða d-lið 1. mgr. 18. gr., að viðkomandi einstaklingur hafi yfirgefið yfirráðasvæði aðildarríkjanna í samræmi við endursendingarákvörðun eða skipun um brottvisun sem gefin var út í kjölfar þess að umsókn var dregin til baka eða henni synjað.

Litið skal á umsókn, sem lögð er fram eftir að brottflutningur hefur farið fram, sem nýja umsókn sem leiðir til nýrrar málsmeðferðar til að ákvarða hvaða aðildarríki ber ábyrgð.

#### VI. KAFLI

#### MÁLSMEDFERÐ ÞEGAR UMSÆKJANDI ER TEKINN Í UMSJÁ OG VIÐ ENDURVIÐTÖKU

##### I. ÞÁTTUR

#### Upphaf málsmeðferðar

##### 20. gr.

#### Upphaf málsmeðferðar

1. Um leið og umsókn um alþjóðlega vernd er fyrst lögð fram hjá aðildarríki hefst það ferli sem miðar að því að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð.

2. Umsókn um alþjóðlega vernd telst hafa verið lögð fram þegar lögbærum yfirvöldum viðkomandi aðildarríkis hefur borist eyðublað, sem umsækjandi leggur fram, eða skýrsla frá yfirvöldum. Sé umsóknin ekki skrifleg skal liða sem stýstur tími frá viljayfirlýsingu umsækjanda til þess að skýrsla er gerð.

3. Að því er þessa reglugerð varðar skal staða ólögráða barns, sem er í fylgd umsækjanda og uppfyllir skilyrði skilgreiningar um aðstandanda, vera óaðskiljanleg stöðu aðstandanda þess og heyra undir aðildarríkið sem ber ábyrgð á meðferð umsóknar þess aðstandanda um alþjóðlega vernd, jafnvel þótt ólögráða barnið sé ekki umsækjandi sjálf, að því tilskildu að slíkt samræmist hagsmunum barnsins. Sama meðferð á við um börn sem fædd eru eftir að umsækjandi kemur á yfirráðasvæði aðildarríkjanna án þess að hefja þurfi nýja málsmeðferð varðandi umsjá þeirra.

4. Ef umsækjandi, sem er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkis, leggur fram umsókn um alþjóðlega vernd hjá lögbærum yfirvöldum annars aðildarríkis skal aðildarríkið, þar sem umsækjandi er staddur, taka ákvörðun um það hvaða ríki beri ábyrgðina. Aðildarríkið, sem tók við umsókninni, skal án tafar tilkynna síðarnefnda aðildarríkinu um það og skal upp frá því litið á það aðildarríki sem aðildarríkið þar sem umsókn um alþjóðlega vernd var lögð fram, að því er varðar þessa reglugerð.

Tilkynna ber umsækjanda skriflega um þessa breytingu á því hvaða aðildarríki tekur ákvörðun og hvaða dag hún fór fram.

5. Aðildarríkið, þar sem fyrst er lögð fram umsókn um alþjóðlega vernd, skal, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 23., 24., 25. og 29. gr. og með það fyrir augum að ljúka ferlinu sem miðar að því að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, taka aftur við umsækjanda, sem er staddur í öðru aðildarríki án dvalarskjals eða sem leggur þar fram umsókn um alþjóðlega vernd eftir að hafa dregið til baka fyrstu umsókn sína, sem lögð var fram í öðru aðildarríki, á meðan verið var að ákveða hvaða aðildarríki bæri ábyrgð.

Þessi kvöð fellur niður ef aðildarríkið, sem farið er fram á að ljúki ferlinu sem miðar að því að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, getur sannað að umsækjandi hafi á meðan yfirgefið yfirráðasvæði aðildarríkjanna um þriggja mánaða skeið eða lengur eða hann hefur fengið dvalarskjal frá öðru aðildarríki.

Litið skal á umsókn, sem lögð er fram eftir fjarverutímabil eins og um getur í annarri undirgrein, sem nýja umsókn sem leiðir til nýrrar málsmeðferðar til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð.

## II. ÞÁTTUR

### Málsmeðferð beiðna um að einstaklingur sé tekinn í umsjá

#### 21. gr.

#### Beiðni lögð fram um að einstaklingur sé tekinn í umsjá

1. Ef aðildarríki, þar sem lögð hefur verið fram umsókn um alþjóðlega vernd, telur að annað aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknarinnar getur það, eins fljótt og auðið er og ávallt innan þriggja mánaða frá þeim degi sem umsóknin var lögð fram í skilningi 2. mgr. 20. gr., farið fram á að hitt aðildarríkið taki yfir umsjá umsækjandans.

Ef jákvæð samsvörun finnst í evrópska fingrafaragrunninum við gögn, sem skráð eru skv. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 603/2013, skal, þrátt fyrir fyrstu undirgrein, senda beiðnina innan tveggja mánaða frá því að sú samsvörun barst í samræmi við 2. mgr. 15. gr. þeirrar reglugerðar.

Ef beiðni um að umsækjandi verði tekinn í umsjá er ekki lögð fram innan þess frests sem mælt er fyrir um í fyrstu og annarri undirgrein skal aðildarríkið, þar sem umsóknin var lögð fram, bera ábyrgð á meðferð umsóknarinnar um alþjóðlega vernd.

2. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, getur farið fram á að fá svar í skyndi ef lögð hefur verið fram umsókn um alþjóðlega vernd eftir að leyfi til að koma inn í landið eða dvelja þar áfram hefur verið synjað, eftir handtöku vegna ólöglegar dvalar eða eftir að gefin hefur verið út skipun um brottvisun eða henni hefur verið framfylgt.

Í beiðninni skulu koma fram ástæður þess að svar þurfi að berast í skyndi og innan hvaða frests búist er við svari. Fresturinn skal vera a.m.k. ein vika.

3. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. og 2. mgr. skal beiðni um að annað aðildarríki taki yfir umsjá umsækjanda lögð fram á stöðluðu eyðublaði ásamt sönnunum eða sönnunum, byggðum á líkum, eins og lýst er í skránum tveimur sem um getur í 3. mgr. 22. gr. og/eða viðeigandi þáttum í yfirlýsingu umsækjanda, sem gera yfirvöldum aðildarríkisins, sem tekur við beiðninni, kleift að kanna hvort það beri ábyrgð í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, setja samræmd skilyrði um undirbúning og framlagningu beiðna um að einstaklingur sé tekinn í umsjá. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

#### 22. gr.

#### Svar við beiðni um að einstaklingur sé tekinn í umsjá

1. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal gera nauðsynlegar kannanir og taka ákvörðun um beiðni um að taka umsækjanda í umsjá innan tveggja mánaða frá móttöku hennar.

2. Í málsmeðferðinni við að ákveða hvaða aðildarríki beri ábyrgð skal notast við sannanir eða sannanir, byggðar á líkum.



3. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, láta vinna tvær skrár og endurskoða þær reglulega, þar sem gefnar eru upplýsingar um hvaða sannanir eða sannanir, byggðar á líkum, er að ræða í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í a- og b-lið þessarar málsgreinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

a) Sannanir:

- i. Hér er átt við formlegar sannanir sem ákvarða ábyrgð samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að þær sé ekki hraktar með sönnunum um hið gagnstæða.
- ii. Aðildarríkin skulu sjá nefndinni, sem kveðið er á um í 44. gr., fyrir fyrirmyndum að mismunandi gerðum opinberra skjala í samræmi við flokkun sem komið er á í skránni yfir formlegar sannanir.

b) Sannanir, byggðar á líkum:

- i. Hér er átt við leiðbeinandi þætti sem, þrátt fyrir að vera hrekjanlegir, kunna að vera fullnægjandi í vissum tilvikum vegna sönnunargildis þeirra.
  - ii. Sönnunargildi þeirra í tengslum við ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd skal metið í hverju tilviki fyrir sig.
4. Krafan um sönnun má ekki vera meiri en nauðsynlegt er fyrir rétta beitingu þessarar reglugerðar.

5. Ef engar formlegar sannanir eru fyrir hendi skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, viðurkenna ábyrgð sína reynist sannanir, byggðar á líkum, vera samfelldar, sannreynanlegar og nægilega ítarlegar til að ákvarða hvar ábyrgðin liggur.

6. Ef aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, hefur sagt að mikið liggir við í samræmi við ákvæði 2. mgr. 21. gr. skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, gera allt sem í þess valdi stendur til að virða frestinn sem gefinn er. Í undantekningar-tilvikum, þar sem sýna má fram á að meðferð beiðni um að umsækjandi verði tekinn í umsjá sé sérstaklega flókin, er aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, heimilt að svara eftir að fresturinn, sem gefinn er, er útrunninn, en þó innan mánaðar. Við slíkar aðstæður verður aðildarríkið, sem beiðni er beint til, að tilkynna aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, um ákvörðun sína um að fresta svarinu, innan frestsins sem gefinn var upphaflega.

7. Sé beiðninni ekki svarað áður en tveggja mánaða fresturinn, sem um getur í 1. mgr., og eins mánaðar fresturinn, sem um getur í 6. mgr., renna út er það talið jafngilda því að beiðnin hafi verið samþykkt og hefur það í för með sér skuldbindingu um að taka yfir umsjá umsækjanda, þ.m.t. að gera viðeigandi ráðstafanir við komu.

### III. ÞÁTTUR

#### Málsmeðferð beiðna um endurviðtöku

23. gr.

**Beiðni um endurviðtöku lögð fram þegar ný umsókn hefur verið lögð fram í aðildarríkinu sem leggur fram beiðnina**

1. Ef aðildarríki, þar sem einstaklingur, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 18. gr. hefur lagt fram nýja umsókn um

alþjóðlega vernd, telur að annað aðildarríki beri ábyrgð í samræmi við 5. mgr. 20. gr. og b-, c- eða d-lið 1. mgr. 18. gr., getur það farið fram á að það aðildarríki taki aftur við einstaklingnum.

2. Beiðni um endurviðtöku skal lögð fram eins fljótt og auðið er og ávallt innan tveggja mánaða frá því að jákvæð samsvörum úr evrópska fingrafaragrunninum berst, í samræmi við 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 603/2013.

Ef beiðnin um endurviðtöku er byggð á öðrum sönnunum en gögnum úr evrópska fingrafaragrunnskerfinu, skal hún send til aðildarríkisins, sem beiðni er beint til, innan þriggja mánaða frá þeim degi þegar umsóknin um alþjóðlega vernd var lögð fram í skilningi 2. mgr. 20. gr.

3. Ef beiðni um endurviðtöku er ekki lögð fram innan þess frests sem mælt er fyrir um í 2. mgr. skali aðildarríkið, þar sem nýja umsóknin var lögð fram, bera ábyrgð á meðferð umsóknarinnar um alþjóðlega vernd.

4. Umsókn um endurviðtöku skal lögð fram á stöðluðu eyðublaði ásamt sönnunum eða sönnunum, byggðum á líkum, eins og lýst er í skránum tveimur, sem um getur í 3. mgr. 22. gr., og/eða viðeigandi þáttum í yfirlýsingum viðkomandi einstaklings, sem gerir yfirlýðum aðildarríkisins, sem beiðninni er beint til, kleift að kanna hvort það beri ábyrgð í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, setja samræmd skilyrði um undirbúning og framlagningu beiðna um endurviðtöku. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

24. gr.

**Beiðni um endurviðtöku lögð fram þegar ekki hefur verið lögð fram ný umsókn í aðildarríkinu sem leggur fram beiðnina**

1. Ef aðildarríki, þar sem einstaklingur sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 18. gr., dvelst án dvalarskjals og ný umsókn um alþjóðlega vernd hefur ekki verið lögð fram, telur að annað aðildarríki beri ábyrgð í samræmi við 5. mgr. 20. gr. og b-, c- eða d-lið 1. mgr. 18. gr., getur það farið fram á að það aðildarríki taki aftur við einstaklingnum.

2. Ef aðildarríki, þar sem einstaklingur dvelst án dvalarskjals, ákveður að leita í evrópska fingrafaragrunnskerfinu í samræmi við 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 603/2013, skal, þrátt fyrir 2. mgr. 6. gr. tilskipunar

Evrópuþingsins og ráðsins 2008/115/EB frá 16. desember 2008 um sameiginlega staðla og málsmeðferð í aðildarríkjunum varðandi endursendingu ríkisborgara þriðju landa<sup>(1)</sup> sem dvelja þar ólöglega, taka ákvörðun um endurviðtöku einstaklings, eins og um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 18. gr. þessarar reglugerðar, eða einstaklings eins og um getur í d-lið 1. mgr. 18. gr., sem hefur lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd sem hefur ekki verið synjað með endanlegri ákvörðun, eins fljótt og auðið er og ávallt innan tveggja mánaða frá því að jákvæð samsvörun úr evrópska fingrafaragrunninum berst, skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 603/2013.

Ef beiðnin um endurviðtöku er byggð á öðrum sönnunum en gögnum úr evrópska fingrafaragrunnskerfinu, skal hún send til aðildarríkisins sem beiðni er beint til innan þriggja mánaða frá þeim degi þegar aðildarríkið sem leggur fram beiðni verður þess áskynja að annað aðildarríki gæti átt að bera ábyrgð á viðkomandi einstaklingi.

3. Ef beiðni um endurviðtöku er ekki lögð fram innan þess frests sem mælt er fyrir um í 2. mgr. skal aðildarríkið þar sem hlutaðeigandi einstaklingur dvelur án dvalarskjals, gefa honum tækifæri til að leggja fram nýja umsókn.

4. Ef einstaklingur, eins og um getur í d-lið 1. mgr. 18. gr. þessarar reglugerðar, sem hefur lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd sem hefur verið synjað með endanlegri ákvörðun í einu aðildarríki, er staddur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis án dvalarskjals, getur síðarnefnda aðildarríkið annaðhvort farið fram á að fyrrnefnda aðildarríkið taki aftur við hlutaðeigandi einstaklingi eða framfylgi málsmeðferð til endursendingar í samræmi við tilskipun 2008/115/EB.

Ef síðarnefnda aðildarríkið ákveður að fara fram á að fyrrnefnda aðildarríkið taki aftur við hlutaðeigandi einstaklingi skulu reglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2008/115/EB, ekki gilda.

5. Beiðni um endurviðtöku einstaklings sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 18. gr., skal lögð fram á stöðluðu eyðublaði ásamt sönnunum eða sönnunum, byggðum á líkum, eins og lýst er í skránum tveimur sem um getur í 3. mgr. 22. gr. og/eða viðeigandi þáttum í yfirlýsingum einstaklingsins, sem gerir yfirvöldum aðildarríkisins, sem beiðninni er beint til, kleift að kanna hvort það beri ábyrgð í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, láta vinna tvær skrár og endurskoða þær reglulega þar sem gefnar eru upplýsingar um hvaða sannanir eða sannanir, byggðar á líkum, er að ræða í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í a- og b-lið 3. mgr. 22. gr. og setja samræmd skilyrði um undirbúning og framlagningu beiðna um endurviðtöku. Samþykkinga skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

25. gr.

#### Svar við beiðni um endurviðtöku

1. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal gera nauðsynlegar kannanir og taka ákvörðun um beiðni um endurviðtöku viðkomandi einstaklings eins fljótt og auðið er og ávallt innan eins mánaðar frá móttöku hennar. Ef beiðnin

byggist á gögnum, sem fengin eru úr evrópska fingrafaragrunninum, stýttist fresturinn í tvær vikur.

2. Sé beiðninni ekki svarað áður en frestur til eins mánaðar eða tveggja vikna, sem um getur í 1. mgr., rennur út er það talið jafngilda því að beiðnin hafi verið samþykkt og hefur það í för með sér skuldbindingu um að taka aftur við umsækjanda, þ.m.t. um að gera viðeigandi ráðstafanir við komu.

#### IV. ÞÁTTUR

#### Réttarsreglur

26. gr.

#### Ákvörðun um flutning tilkynnt

1. Þegar aðildarríki sem beiðni er beint til samþykkir að taka í umsjá eða taka aftur við umsækjanda eða öðrum einstaklingi, eins og um getur í c- eða d-lið 1. mgr. 18. gr., skal aðildarríkið sem leggur fram beiðnina tilkynna hlutaðeigandi einstaklingi um ákvörðun þess efnis að hann verði fluttur til aðildarríkisins sem ber ábyrgð og, ef við á, ákvörðunina um að taka ekki umsókn hans um alþjóðlega vernd til meðferðar. Ef lögfræðingur eða annar ráðgjafi kemur fram fyrir hönd hlutaðeigandi einstaklings geta aðildarríkin kosið að tilkynna slíkum lögfræðingi eða ráðgjafa um ákvörðunina í stað hlutaðeigandi einstaklings og, eftir atvikum, skýra hlutaðeigandi einstaklingi frá ákvörðuninni.

2. Í ákvörðuninni, sem um getur í 1. mgr., skulu koma fram upplýsingar um lagaleg úrræði sem standa til boða, þ.m.t. rétt til að óska eftir áhrifum til frestunar, eftir atvikum, og tíundaður frestur til að leita slíkra úrræða og fresturinn til að flytja viðkomandi, og ef nauðsyn ber til, upplýsingar um hvar og hvenær hlutaðeigandi einstaklingur á að mæta ef hann ferðast á eigin vegum til aðildarríkisins sem ber ábyrgð.

Aðildarríkin skulu tryggja að með ákvörðuninni, sem um getur í 1. mgr., sé hlutaðeigandi einstaklingi veittar upplýsingar um einstaklinga eða aðila sem geta veitt honum lögfræðiaðstoð ef þessar upplýsingar hafa ekki þegar verið látnar í té.

3. Njóti hlutaðeigandi einstaklingur ekki aðstoðar eða fyrirsvars lögfræðings eða annars ráðgjafa skulu aðildarríkin tilkynna honum um meginatriði ákvörðunarinnar og skulu þau ávallt fela í sér upplýsingar um lagaleg úrræði sem standa til boða og fresti til að leita slíkra úrræða, á tungumáli sem hlutaðeigandi einstaklingur skilur eða sem raunhæft er að ætla að hann skilji.

27. gr.

#### Úrræði

1. Umsækjandi eða annar einstaklingur, eins og um getur í c- eða d-lið 1. mgr. 18. gr., skal eiga rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns, í formi kærú eða endurskoðunar fyrir dómstóli á málsatvikum og lagaatriðum vegna ákvörðunar um flutning.

2. Aðildarríki skulu kveða á um hæfilegan frest fyrir hlutaðeigandi einstakling til að notfæra sér rétt sinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns skv. 1. mgr.

(<sup>1</sup>) Stjótið. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 98.

3. Að því er varðar kærur eða endurskoðun ákvarðana um flutning skulu aðildarríkin kveða á um eftirfarandi í landslögum sínum:

- a) að kæra eða endurskoðun veiti hlutaðeigandi einstaklingi rétt til að dvelja í viðkomandi aðildarríki meðan beðið er niðurstöðu kærunnar eða endurskoðunarinnar eða
- b) að flutningi skuli frestað sjálfvirkt og að slík frestun falli úr gildi eftir tiltekinn, hæfilega langan tíma og að dómstóll skuli, að undanfarinni nákvæmri og strangri grannskoðun, þá hafa tekið ákvörðun um það hvort kæran eða endurskoðunin skuli hafa áhrif til frestunar eða
- c) að hlutaðeigandi einstaklingur hafi tækifæri til að fara fram á það innan hæfilegs frests að dómstóll fresti framkvæmd ákvörðunar um flutning meðan beðið er niðurstöðu kærunnar eða endurskoðunarinnar. Aðildarríkin skulu tryggja að raunhæft úrræði til að leita réttar síns sé fyrir hendi með því að fresta flutningi uns ákvörðun hefur verið tekin um fyrstu frestunardeiðinu. Sérhver ákvörðun um hvort fresta beri framkvæmd ákvörðunar um flutning skal tekin innan hæfilegs frests, til að fram geti farið nákvæm og ströng grannskoðun á frestunardeiðinu. Rökstyðja skal ákvörðun um að fresta ekki framkvæmd ákvörðunar um flutning.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að lögbær yfirvöld geti ákveðið, í krafti embættis sin, að fresta framkvæmd ákvörðunar um flutning meðan beðið er niðurstöðu kæru eða endurskoðunar.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að hlutaðeigandi einstaklingur hafi aðgang að lögfræðiaðstoð og, ef nauðsyn krefur, tungumálaaðstoð.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að lögfræðiaðstoð sé veitt án endurgjalds ef hlutaðeigandi einstaklingur hefur ekki efni á henni. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að umsækjendur skuli ekki fá hagstæðari meðferð, að því er varðar gjöld og annan kostnað, en ríkisborgarar landsins fá almennt í málum er lúta að lögfræðiaðstoð.

Aðildarríkjunum er heimilt, án þess að það hafi í för með sér geðþóttabundnar takmarkanir á lögfræðiaðstoð, að kveða á um að ekki skuli veitt lögfræðiaðstoð eða séð fyrir málsvara endurgjaldslausum ef lögbæra yfirvaldið eða dómstóll telur engar raunhæfar líkur á að kæran eða endurskoðunin beri árangur.

Ef annað yfirvald en dómstóll tekur ákvörðun um að veita ekki lögfræðiaðstoð og sjá viðkomandi fyrir málsvara endurgjaldslausum samkvæmt þessari málsgrein, skal aðildarríkið sjá til þess að viðkomandi geti leitað réttar síns með því að skjóta þeirri ákvörðun til dómstóls.

Þegar farið er að kröfum þessarar málsgreinar skulu aðildarríkin tryggja að ekki séu geðþóttabundnar takmarkanir

á lögfræðiaðstoð og málsvara og að ekki sé staðið í vegi fyrir skilvirkum aðgangi umsækjanda að réttarkerfinu.

Lögfræðiaðstoð skal a.m.k. taka til undirbúnings tilskilinna málsskjala og fyrirsvars fyrir dómstóli og kann að vera takmörkuð við lögfræðinga eða ráðgjafa sem sérstaklega eru tilnefndir samkvæmt landslögum til að veita aðstoð og fyrirvar.

Í landslögum skal mæla fyrir um málsmeðferðarreglur um aðgang að lögfræðiaðstoð.

## V. ÞÁTTUR

### VARÐHALD VEGNA FLUTNINGS

28. gr.

#### Varðhald

1. Aðildarríki skulu ekki halda neinum í varðhaldi af þeirri ástæðu einni að hann sætir málsmeðferðinni sem komið er á með þessari reglugerð.

2. Ef veruleg hætta er talin á að viðkomandi hlaupist á brott geta aðildarríkin hneppt hlutaðeigandi einstakling í varðhald til að tryggja málsmeðferð um flutning hans í samræmi við þessa reglugerð, á grundvelli mats á hverju tilviki fyrir sig og einungis ef meðalhófs er gætt og beiting vægari þvingunar-ráðstafana dugir ekki.

3. Varðhald skal vara í eins skamman tíma og kostur er og ekki lengur en telja má nauðsynlegt til að inna megi af hendi tilskilda stjórmsýslumeðferð af tilhlýðilegri kostgæfni þar til flutningur samkvæmt þessari reglugerð fer fram.

Ef einstaklingur er hnepptur í varðhald samkvæmt þessari grein skal fresturinn til að leggja fram beiðni um að hann verði tekinn í umsjá eða beiðni um endurvíðtöku ekki vera lengri en einn mánuður frá því að umsókn er lögð fram. Aðildarríkið, sem annast málsmeðferðina í samræmi við þessa reglugerð, skal óska eftir svari með hraði í slíkum tilvikum. Svar skal gefið innan tveggja vikna frá viðtöku beiðninnar. Sé beiðninni ekki svarað áður en tveggja vikna fresturinn er útrunninn er það talið jafngilda því að beiðnin hafi verið samþykkt og hefur það í för með sér skuldbindingu um að taka einstaklinginn í umsjá eða taka aftur við honum, þ.m.t. um að gera viðeigandi ráðstafanir við komu.

Ef einstaklingur er hnepptur í varðhald samkvæmt þessari grein skal flutningur viðkomandi frá aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, til aðildarríkisins, sem ber ábyrgð, fara fram eins fljótt og við verður komið og í síðasta lagi innan sex vikna frá því að annað aðildarríki samþykkir, beint eða óbeint, beiðni um að taka umsækjanda í umsjá eða taka við honum aftur, eða þeirri stundu þegar kæra eða endurskoðun hefur ekki lengur áhrif til frestunar í samræmi við 3. mgr. 27. gr.

Ef aðildarríki, sem leggur fram beiðni, virðir ekki fresti til að leggja fram beiðni um að umsækjandi verði tekinn í umsjá eða beiðni um endurvörðingu innan tilskilins frests eða ef flutningur á sér ekki stað innan sex vikna frestsins sem um getur í þriðju undirgrein, skal viðkomandi látinn laus úr varðhaldi. Ákvæði 21., 23., 24. og 29. gr. gilda áfram til samræmis við það.

4. Að því er varðar varðhaldsskilyrði og ábyrgðir varðandi fólk í varðhaldi skulu 9., 10. og 11. gr. tilskipunar 2013/33/ESB gilda til að tryggja málsmeðferð um flutning til aðildarríkisins sem ber ábyrgð.

## VI. ÞÁTTUR

### Flutningur

29. gr.

#### Fyrirkomulag og frestir

1. Flutningur umsækjanda eða annars einstaklings, eins um getur í c- eða d-lið 1. mgr. 18. gr., frá aðildarríki, sem leggur fram beiðni, til aðildarríkisins, sem ber ábyrgð, skal fara fram í samræmi við innlend lög aðildarríkisins, sem leggur fram beiðnina, að undangengnu samráði milli viðkomandi ríkja, eins fljótt og við verður komið og í síðasta lagi innan sex mánaða frá því að annað aðildarríki samþykkir beiðni um að taka viðkomandi í umsjá eða taka við honum aftur, eða lokaákvörðun tekin um kærur eða endurskoðun ef um er að ræða áhrif til frestunar í samræmi við 3. mgr. 27. gr.

Ef flutningur einstaklings til aðildarríkis fer fram undir eftirliti eða með fylgd skulu aðildarríkin tryggja að það sé gert með mannúðlegum hætti og í fullu samræmi við grundvallarréttindi og virðingu fyrir mannlægi reism.

Ef nauðsyn ber til gefur aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, út ferðabréf til handa umsækjanda. Framkvæmdastjórnin skal ákveða form ferðabréfanna með framkvæmdargerðum. Samþykking skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

Aðildarríkið, sem ber ábyrgð, skal tilkynna aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, eftir því sem við á, að hlutaðeigandi einstaklingur sé kominn heilu og höldnu eða að hann hafi ekki komið innan frestsins sem gefinn var.

2. Ef flutningurinn fer ekki fram innan sex mánaða frestsins fellur niður sú skylda aðildarríkisins, sem ber ábyrgð, að taka hlutaðeigandi einstakling í umsjá eða taka við honum aftur og færast ábyrgðin þá til aðildarríkisins sem lagði fram beiðnina. Þennan frest má framlengja í eitt ár að hámarki ef ekki getur orðið af flutningnum vegna þess að hlutaðeigandi einstaklingur er í fangelsi eða í átján mánuði að hámarki ef hann hleypt á brott.

3. Ef einstaklingur hefur verið fluttur fyrir mistök eða ef ákvörðun um flutning er snúið við sakir kærur eða endurskoðunar eftir að flutningur hefur farið fram skal aðildarríkið sem annaðist flutninginn tafarlaust taka við honum aftur.

4. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, setja samræmd skilyrði um samráð og skipti á upplýsingum milli aðildarríkja, einkum þegar um er að ræða flutning sem er frestað eða seinkað, flutning í kjölfar sjálfgefins samþykkis, flutning ólögráða barna eða einstaklinga á framfæri annarra og flutning undir eftirliti. Samþykking skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

30. gr.

#### Kostnaður við flutning

1. Aðildarríkið, sem annast flutning umsækjanda eða annars einstaklings, eins og um getur í c- eða d-lið 1. mgr. 18. gr., til aðildarríkisins sem ber ábyrgð, skal bera nauðsynlegan kostnað af honum.

2. Ef flytja þarf einstakling aftur til aðildarríkis, vegna þess að hann hefur verið fluttur fyrir mistök eða vegna þess að ákvörðun um flutning hefur verið snúið við sakir kærur eða endurskoðunar eftir að flutningur hefur farið fram, skal aðildarríkið sem upphaflega annaðist flutninginn taka á sig kostnað við flutning hlutaðeigandi einstaklings aftur á yfirráðasvæði þess.

3. Þess skal ekki krafist að einstaklingar, sem flytja á samkvæmt þessari reglugerð, beri sjálfir kostnað af slíkum flutningi.

31. gr.

#### Skipti á viðeigandi upplýsingum áður en flutningur fer fram

1. Aðildarríkið, sem annast flutning umsækjanda eða annars einstaklings, eins og um getur í c- eða d-lið 1. mgr. 18. gr., skal láta aðildarríkinu, sem ber ábyrgð, í té persónuupplýsingar um hann sem eru viðeigandi, varða málið og eru ekki of ítarlegar, í þeim tilgangi einum að tryggja að lögbær yfirvöld, í samræmi við innlend lög aðildarríkisins sem ber ábyrgð, séu í aðstöðu til að veita einstaklingnum viðeigandi aðstoð, þ.m.t. brýna heilbrigðisþjónustu sem þörf er á til að gæta grundvallarhagsmuna viðkomandi og til að tryggja samfellu í vernd og réttindum sem hlutaðeigandi nýtur samkvæmt þessari reglugerð og öðrum viðeigandi lagagæringum um hæli. Þessi gögn skulu send aðildarríkinu sem ber ábyrgð innan hæfilegs tíma áður en flutningur fer fram til að tryggja að lögbær yfirvöld samkvæmt landslögum hafi nægan tíma til að gera nauðsynlegar ráðstafanir.

2. Aðildarríkið sem annast flutninginn skal, að því marki sem slíkar upplýsingar eru aðgengilegar lögbærum yfirvöldum í samræmi við landslög, senda aðildarríkinu sem ber ábyrgð hverjar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að standa vörð um réttindi og brýnar sérþarfir einstaklingsins sem flytja á, einkum:

- um tafarlaugar aðgerðir sem aðildarríkið, sem ber ábyrgð, þarf að gripa til í því skyni að tryggja að sérþörfum einstaklingsins, sem flytja á, sé mætt á viðeigandi hátt, þ.m.t. með hvers konar brýnni heilbrigðisþjónustu sem kann að vera þörf á,
- samskiptaupplýsingar aðstandenda, skyldmenna eða annarra sem eru tengdir hlutaðeigandi fjölskylduböndum í aðildarríkinu sem tekur við honum, eftir atvikum,
- þegar um er að ræða ólöggráða börn, upplýsingar um menntun þeirra,
- mat á aldri umsækjanda.

3. Upplýsingaskipti samkvæmt þessari grein skulu einungis fara fram milli þeirra yfirvalda sem framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt um, í samræmi við 35. gr. þessarar reglugerðar og þau skulu fara fram um Dyflinnarnetið, rafrænt fjarskiptanet sem komið var á föt með 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1560/2003. Upplýsingar, sem skipst er á, skulu einungis notaðar í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar og skulu ekki unnar frekar.

4. Í því skyni að greiða fyrir upplýsingaskiptum milli aðildarríkjanna skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum, útbúa staðlað eyðublað til að flytja tilskilin gögn samkvæmt þessari reglugerð. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

5. Reglurnar, sem mælt er fyrir um í 8.–12. mgr. 34. gr. skulu gilda um skipti á upplýsingum í samræmi við þessa grein.

32. gr.

#### **Skipti á heilbrigðisupplýsingum áður en flutningur fer fram**

1. Aðildarríkið sem annast flutninginn skal, að því marki sem lögbært yfirvald hefur aðgengi að slíkum upplýsingum í samræmi við landslög, í þeim tilgangi einum að veita læknishjálp eða -meðferð, einkum þegar um er að ræða fatlaða, aldraða, þungaðar konur, ólöggráða börn og þá sem sætt hafa pyntingum, nauðgunum eða öðru alvarlegu andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi, senda aðildarríkinu, sem ber ábyrgð, upplýsingar um hvers konar sérþarfir einstaklingsins sem á að flytja, sem í tilteknum tilvikum geta innihaldið upplýsingar um líkamlegt heilbrigði eða geðheilbrigði hans. Upplýsingarnar skulu sendar í sameiginlegu heilbrigðisvottorði og skulu nauðsynleg skjöl fylgja með. Aðildarríkið sem ber ábyrgð skal tryggja að þessum sérþörfum sé mætt á viðeigandi hátt, þ.m.t. einkum með hvers konar brýnni heilbrigðisþjónustu sem kann að vera þörf á.

Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, semja sameiginlega heilbrigðisvottorðið. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

2. Aðildarríkið, sem annast flutninginn, skal einungis senda upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. til aðildarríkisins, sem ber ábyrgð, að fengnu ótvíræðu samþykki umsækjanda og/eda fulltrúa hans eða, ef umsækjandi er líkamlega eða löglega ófær um að veita samþykki sitt, ef slíkt er nauðsynlegt til að vernda grundvallarhagsmuni umsækjandans eða annars einstaklings. Ekki skal standa í vegi fyrir flutningi þótt samþykki hafi ekki fengist, þ.m.t. ef samþykki er synjað.

3. Einungis sérfræðingi á heilbrigðisviði, sem er bundinn þagnarskyldu samkvæmt landslögum eða reglum sem innlend, lögbær yfirvöld hafa sett, eða öðrum einstaklingi sem er bundinn sambærilegri þagnarskyldu, er heimilt að vinna persónulegar heilbrigðisupplýsingar eins og um getur í 1. mgr.

4. Upplýsingaskipti samkvæmt þessari grein skulu einungis fara fram milli þeirra heilbrigðisstarfsmanna eða annarra einstaklinga sem um getur í 3. mgr. Upplýsingarnar sem skipst er á skulu einungis notaðar í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 1. mgr. og skulu ekki unnar frekar.

5. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, samþykkja samræmd skilyrði og fyrirkomulag skipta á upplýsingum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

6. Reglurnar, sem mælt er fyrir um í 8.–12. mgr. 34. gr. skulu gilda um upplýsingaskipti í samræmi við þessa grein.

33. gr.

#### **Kerfi fyrir tímanlega viðvörðun, viðbúnað og hættustjórnun**

1. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, einkum á grundvelli upplýsinga sem Evrópska stuðningskrifstofan í hælismálefnum aflar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 439/2010, að beitingu þessarar reglugerðar kunni að vera stofnað í hættu, vegna raunverulegrar hættu á sérstöku álagi á hæliskerfi aðildarríkis og/eda vandamála í starfsemi hæliskerfis aðildarríkis, skal hún, í samvinnu við Evrópsku stuðningskrifstofuna í hælismálefnum, beina tilmælum til hlutaðeigandi aðildarríkis og hvetja það til að útbúa áætlun um fyrirbyggjandi aðgerðir.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal upplýsa ráðið og framkvæmdastjórnina um hvort það hefur í hyggju að leggja fram áætlun um fyrirbyggjandi aðgerðir til að vinna bug á álaginu og/eda vandræðunum í starfsemi hæliskerfis þess, jafnframt því að tryggja vernd grundvallarréttinda umsækjanda um alþjóðlega vernd.

Aðildarríki er heimilt, að eigin vild og frumkvæði, að útbúa áætlun um fyrirbyggjandi aðgerðir og síðari endurskoðanir á henni. Aðildarríki getur beðið framkvæmdastjórnina, önnur aðildarríki, Evrópsku stuðningskrifstofuna í hælismálefnum og aðrar viðeigandi sérstofnanir Sambandsins um aðstoð við gerð áætlunar um fyrirbyggjandi aðgerðir.

2. Þegar gerð er áætlun um fyrirbyggjandi aðgerðir skal hlutaðeigandi aðildarríki leggja hana fyrir ráðið og framkvæmdastjórnina og reglulega gefa þeim skýrslu um framkvæmd hennar. Framkvæmdastjórnin skal síðan upplýsa Evrópuþingið um lykilatríði í áætluninni um fyrirbyggjandi aðgerðir. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslur um framkvæmd hennar fyrir ráðið og senda skýrslur um framkvæmd hennar til Evrópuþingsins.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að bregðast við sérstöku álagi á hæliskerfi þess eða tryggja að tekið sé á þeim annmörkum, sem koma í ljós, áður en staðan versnar. Ef áætlun um fyrirbyggjandi aðgerðir felur í sér aðgerðir, sem miða að því að bregðast við sérstöku álagi á hæliskerfi aðildarríkis sem kann að tefla beitingu þessarar reglugerðar í tvísýnu, skal framkvæmdastjórnin leita ráða hjá Evrópsku stuðningsskrifstofunni í hælismálefnum áður en hún gefur Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu.

3. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli greiningar Evrópsku stuðningsskrifstofunnar í hælismálefnum, að framkvæmd áætlunar um fyrirbyggjandi aðgerðir hafi ekki bætt úr þeim annmörkum sem greindust eða ef alvarleg hættu er á að hættuástand skapist í hælismálum í hlutaðeigandi aðildarríki, sem ekki er líklegt að áætlun um fyrirbyggjandi aðgerðir bæti úr, getur framkvæmdastjórnin, í samstarfi við Evrópsku stuðningsskrifstofuna í hælismálefnum, eftir því sem við á, óskað eftir því við hlutaðeigandi aðildarríki að það semji aðgerðaáætlun um hættustjórnun og, ef nauðsyn krefur, endurskoðanir á henni. Aðgerðaáætlunin um hættustjórnun skal tryggja samræmi við réttarreglur Sambandsins um hæli, í öllu ferlinu, einkum að því er varðar grundvallarréttindi umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Þegar óskað hefur verið eftir að gerð sé aðgerðaáætlun um hættustjórnun skal hlutaðeigandi aðildarríki, í samstarfi við framkvæmdastjórnina og Evrópsku stuðningsskrifstofuna í hælismálefnum, bregðast tafarlaust við þeirri ósk og í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá því að hún er lögð fram.

Viðkomandi aðildarríki skal leggja fram aðgerðaáætlun sína um hættustjórnun og gefa framkvæmdastjórninni og öðrum viðeigandi hagsmunaaðilum, s.s. Evrópsku stuðningsskrifstofunni í hælismálefnum, eins og við á, skýrslu um framkvæmd hennar, a.m.k. á þriggja mánaða fresti.

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið og ráðið um aðgerðaáætlunina um hættustjórnun, hugsanlegar endurskoðanir hennar og framkvæmd. Í þessum skýrslum skal hlutaðeigandi aðildarríki skýra frá gögnum sem gera kleift að fylgjast með því að farið sé að aðgerðaáætluninni um hættustjórnun, s.s. lengd málsmeðferðar, varðhaldsskilyrði og getu til að taka á móti fólki með tilliti til innstreymis umsækjenda.

4. Meðan allt ferlið í tengslum við tímanlega viðvörðun, viðbúnað og hættustjórnun, sem komið er á með þessari grein, fer fram skal ráðið fylgjast grannt með ástandinu og getur það óskað eftir frekari upplýsingum og veitt pólitíska leiðsögn, einkum að því er varðar hve brýnt og alvarlegt ástandið er og þar af leiðandi þörfin á að aðildarríki semji annaðhvort áætlun um fyrirbyggjandi aðgerðir eða, ef nauðsyn krefur, aðgerðaáætlun um hættustjórnun. Evrópuþingið og ráðið mega, meðan allt ferlið fer fram, fjalla um og veita leiðsögn um hvers kyns samstöðuráðstafanir sem þau telja viðeigandi.

## VII. KAFLI

### SAMVINNA Á SVIDI STJÓRNSÝSLU

34. gr.

#### Upplýsingamiðlun

1. Sérhvert aðildarríki skal láta hverju hinna aðildarríkjanna í té, að beiðni þeirra, persónuupplýsingar um umsækjanda sem eru viðeigandi, varða málið og eru ekki of ítarlegar, í þeim tilgangi að:

- a) ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð,
- b) taka viðkomandi umsókn um alþjóðlega vernd til meðferðar,
- c) efna þær skuldbindingar sem leiðir af þessari reglugerð.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., mega einungis ná yfir:

- a) persónuupplýsingar um umsækjanda og, þar sem við á, aðstandendur hans, skyldmenn eða aðra sem eru tengdir honum fjölskylduböndum (fullt nafn og, ef við á, fyrri nafn, viðurnefni eða dulnefni, núverandi og fyrrverandi ríkisfang, fæðingardag og -ár og fæðingarstað),
- b) persónuskilríki og ferðaskilríki (númer, gildistíma, útgáfustað og útgáfudag, yfirvald sem gaf út skilríkin o.s.frv.),
- c) aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að staðfesta hver umsækjandi er, þ.m.t. fingraför sem greind eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 603/2013,



- d) dvalarstaði og ferðaleiðir,
- e) dvalarskjöl eða vegabréfsáritanir sem aðildarríki hefur gefið út,
- f) staðinn þar sem umsókn er lögð fram,
- g) dagsetningu fyrri umsóknar um alþjóðlega vernd, ef við á, dagsetningu núverandi umsóknar, upplýsingar um stöðu málsins og hvaða ákvörðun hefur verið tekin, ef við á.

3. Auk þess getur aðildarríkið, sem ber ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd, að því tilskildu að það sé nauðsynlegt við meðferð umsóknarinnar, farið þess á leit við annað aðildarríki að það gefi upplýsingar um ástæðurnar, sem umsækjandi hefur lagt fram til stuðnings umsókn sinni, og, eftir atvikum, ástæður þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið varðandi umsækjanda. Hitt aðildarríkið getur neitað að verða við slíki beiðni ef slíkar upplýsingar geta skaðað mikilvæga hagsmuni aðildarríkisins eða haft áhrif á verndun frelsis og grundvallarréttinda viðkomandi einstaklings eða annarra. Í öllum tilvikum er skriflegt samþykki umsækjanda um alþjóðleg vernd, sem aðildarríkið sem leggur fram beiðnina útvegar, skilyrði fyrir því að umbeðnar upplýsingar séu látnar í té. Í því tilviki verður umsækjanda að vera ljóst hverjar þær tilteknu upplýsingar eru sem hann samþykkir að látnar séu í té.

4. Sérhver beiðni um upplýsingar skal einungis send með skírskotun til einstakrar umsóknar um alþjóðlega vernd. Hún skal rökstudd og, sé tilgangur hennar að kanna hvort fyrir hendi sé viðmiðun sem gæti haft í för með sér ábyrgð aðildarríkisins sem beiðni er beint til, skulu henni fylgja þær sannanir, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar frá áreiðanlegum heimildum um það hvernig umsækjendur komu inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, eða þeir tilteknu og sannprófanlegu þættir í yfirlýsingum umsækjandans sem hún byggist á. Litið er svo á að slíkar viðeigandi upplýsingar frá áreiðanlegum heimildum séu ekki fullnægjandi í sjálfu sér til að ákvarða ábyrgð og valdsvið aðildarríkis samkvæmt þessari reglugerð en þær geta komið að gagni við að meta aðrar vísbendingar sem varða einstaka umsækjendur.

